



Ytra mat grunnskóla Höfðaskóli

Úttekt þessi er unnin á vegum Námsmatsstofnunar - fyrir
mennta- og menningamálaráðuneytið og sveitafélagið Skagaströnd.

Höfundar: Hanna Hjartardóttir og Unnar Þór Bøðvarsson
© Námsmatsstofnun, 2014.

ISBN 978-9935-433-30-5

Efnisyfirlit

Samantekt niðurstaðna	5
Inngangur	7
Markmið og tilgangur	7
Aðferðir og framkvæmd	7
Höfðaskóli	8
Bakgrunnur og samfélagslegt umhverfi	8
Stefna skólans	9
Starfsmenn	10
Nemendur	10
Árangur náms.	10
Samræmd könnunarpróf	10
Framfarir	12
Þátttaka	13
Starfstími	13
Sérfræðipjónusta	13
Niðurstöður	14
Svið I - Stjórnun	14
Fagleg forysta.	14
Stefnumótun og skipulag	16
Samskipti heimila og skóla	18
Svið II - Nám og kennsla	20
Nám og námsaðstæður	20
Þátttaka og ábyrgð nemenda	23
Námsaðlögun.	24
Svið III – Innra mat	26
Framkvæmd innra mats	26
Umbótastarf í kjölfar innra mats	28
Svið IV – Lestur	29
Stefnumörkun	29
Samvinna heimila og skóla í lestri.	30
Nám við hæfi hvers og eins	30
Lesfimi og lesskilningur	31
Styrkleikar og tækifæri til umbóta	33
Heimildir.	42

Samantekt niðurstaðna

Í þessari skýrslu er gerð grein fyrir ytra mati á Höfðaskóla sem fór fram á vorönn 2014. Teknir voru fyrir fjórir matsþættir, þar af voru þrír fyrirfram ákveðnir en fjórði matsþátturinn var ákveðinn af sveitarfélagi og skóla. Þættirnir sem lagt var mat á voru stjórnun, nám og kennsla, innra mat og að ósk skóla og sveitarfélags var fjórði þátturinn lestur.

Stjórnun

Höfðaskóli hefur skýra stefnu og hefur mótað sér einkunnarorð sem allir aðilar skólasamfélagsins þekkja. Samskipti við grenndarsamfélagið eru regluleg og skráð; leikskóla, framhaldsskóla, tónlistarskóla og stofnanir bæjarins. Má þar nefna samskipti við listamiðstöðina Nes sem auðgar skólalastarfið og víkkar sjóndeildarhring nemenda. Skólanámskrá og starfsáætlun uppfylla flest viðmið aðalnámskrár og endurspeglar áherslur í skólastefnu sveitarfélagsins. Skólastjóri leggur áherslu á gæði náms og kennslu og menntun og sérhæfing starfsmanna nýtist vel í starfi.

Uppfæra þarf skólanámskrá og starfsáætlun fyrir líðandi skólaár og leggja fyrir skólaráð til staðfestingar. Auka þarf reglulega endurgjöf til kennara og huga að skráning sí- og endurmenntunar starfsmanna. Vinna þarf að því að gera og hafa sýnilegar ýmsar áætlanir, svo sem varðandi forvarnir, móttökuáætlanir fyrir nýja nemendur og yfirlit yfir skimanir og kannanir sem skólinn nýtir. Treysta þarf samskipti heimila og skóla á alla lund og þarf skólasamfélagið allt að koma þar að máli.

Nám og kennsla

Í Höfðaskóla, sem er skóli án aðgreiningar, ríkja viðhorf sem einkennast af virðingu fyrir rétti allra nemenda til virkrar þátttöku í námssamfélagi skólans. Aðstaða í Höfðaskóla er nokkuð góð en auka mætti við tæknibúnað til nota við kennslu og nám. Stjórnandi og kennarar leggja sig fram um að mæta námsþörfum nemenda. Nemendur vinna að heildstæðum verkefnum og nokkuð er um samþættingu námsgreina.

Vægi valgreinastunda í þremur elstu bekkjum skólans er líðlega 16% af vikulegum námstíma nemenda. Í Höfðaskóla eru ráðstöfunarstundir/val í yngri árgöngum, sem aðalnámskrá kveður á um, vel nýttar í margskonar smíðjur þar sem nemendur hafa fjölbreytt val um verkefni eftir áhugasviði. Fylgst er með og brugðist við þörfum nemenda eftir því sem við verður komið og lögð er áhersla á snemmtæka íhlutun. Ábyrgð á stuðningi við nemendur er í höndum fagmenntaðs kennara. Bráðgerir nemendur í 10. bekk eiga kost á að taka framhaldsskólaáfangi eftir því hvar geta þeirra og hæfileikar liggja.

Í vettvangsathugunum var lítið um að nemendur hefðu val í námi eða um námsaðferðir og í þeim kennslustundum sem skoðaðar voru nýttu nemendur upplýsingatækni almennt lítið í námi. Gæta þarf að því að áhugi og hæfileikar nemenda endurspeglast í viðfangsefnum þeirra. Heildarmarkmið náms eru nemendum ekki vel ljós og í viðtölum við þá kom fram að þeir nýta sér lítið eða ekki námsvísa og kennsluáætlanir.

Innra mat

Í skólastefnu sveitarfélagsins Skagastrandar segir m.a. um mat á skólalastarfi: „*nota innra og ytra mat til að greina, meta og þróa starf skólanna*“. Í skólanámskrá (2012-2013) kemur fram að matshópur ber ábyrgð á innra mati í skólanum og er hann skipaður þremur kennurum og skólastjóra.

Í skólanámskrá 2011-2012 kemur fram að ákveðið hafi verið að nota Skólapúlslinn við innra mat. Spurningalistar hafa verið lagðir fyrir í Skólapúlslinum frá skólaárinu 2011-2012. Einnig leggur skólinn fyrir kannanir í tengslum við Olweusaráætlun og nýtir niðurstöður úr starfsmannaviðtölum og tengslakönnunum. Innra mat kemur einnig fram í frammistöðumati Mentor.

Mat á fagmennsku kennara er ekki reglubundið, að sögn skólastjóra, en innra mat er hluti af daglegu starfi skólastjórnenda, kennara og annarra starfsmanna. Hugmyndir að umbótum eru kynntar og ræddar á starfsmannafundum og umbætur mótaðar að loknum þeim umræðum. Leitast er við að vinna umbætur og þróunarstarf í samvinnu við hagsmunaaðila.

Sjálfsmatsskýrsla frá skólaárinu 2012-2013 kemur ekki í stað umbótaáætlunar og skýrsluna er ekki að finna á heimasíðu skólans. Ekki er um tímasettar umbætur að ræða í skýrslunni. Þá er ekki að finna langtímaáætlun (til 3-5 ára) um innra mat skólans, eins og aðalnámskrá gerir ráð fyrir. Virkja þarf alla hagsmunaaðila í matshóp en þar sem skólaráð hefur ekki verið starfandi um tíma hafa áætlanir og umbætur ekki verið bornar undir það.

Lestur

Á yngsta stigi er unnið með lestrarstefnuna *Byrjendalæsi*, á miðstigi er notað þjálfunartækið PALS, sem er paralestur, og hvatt er til lestrar með ýmsum viðburðum. Má þar nefna Elínborgardag, Stóru upplestrarkeppnina, Skammdegisviku o.fl. Brugðist er við ef nemendur ná ekki tilskildum árangri í lestri þegar niðurstöður skimana og prófa liggja fyrir. Framsögn er þjálfuð með ýmsum hætt og lögð áhersla á lestrarþjálfun heima.

Æskilegt væri að hafa heilsteypta lestrarstefnu fyrir alla árganga skólans í tengslum við nýja aðalnámskrá með hugtökum sem tengjast henni, svo sem hæfniviðmiðum og lykilhæfni. Kynna þarf öllum foreldrum lestrarstefnu skólans. Efla þarf lestur og læsi af fjölbreyttum miðlum og finna leiðir til að auka árangur á prófum, bæði miðað við viðmið innan skólans og á samræmdum könnunarprófum.

Inngangur

Í þessari matskýrslu er fjallað um ytra mat á Höfðaskóla á Skagaströnd. Matið var framkvæmt af Hönnu Hjartardóttur og Unnari Þór Bóðvarssyni og fór fram á vettvangi á tímabilinu 3.-5. febrúar 2014. Áður hafði farið fram gagnaöflun og undirbúningur. Matið er hluti af samstarfsverkefni Sambands íslenskra sveitarfélaga og mennta- og menningarmálaráðuneytis en framkvæmdin er á vegum Námsmatsstofnunar. Matið er byggt á þeim skyldum ríkis og sveitarfélaga sem koma fram í 37. og 38. gr. laga um grunnskóla nr. 91/2008.

Í Höfðaskóla voru metnir fjórir þættir; stjórnun, nám og kennsla, innra mat og lestur. Síðast taldi matsþátturinn var ákveðinn af sveitarfélagi og skóla.

Markmið og tilgangur

Markmið mats og eftirlits með gæðum starfs í grunnskólum er samkvæmt 35. grein laga um grunnskóla nr. 91/2008 að:

1. Veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðsluyfirvalda, starfsfólks skóla, viðtökuskóla, foreldra og nemenda.
2. Tryggja að starfsemi skóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár grunnskóla.
3. Auka gæði náms og skólastarfs og stuðla að umbótum.
4. Tryggja að réttindi nemenda séu virt og að þeir fái þá þjónustu sem þeir eiga rétt á samkvæmt lögum (*Lög um grunnskóla nr. 91/2008*).

Með ytra mati er unnið að öllum þessum markmiðum og lögð sérstök áhersla á að efla og styðja innra mat og gæðastjórnun skóla, stjórnendur og kennara í umbótum á eigin starfi, hvetja kennara til að vinna saman að því að bæta eigin starfshætti og vera skólum hvati til frekari skólaþróunar.

Grundvöllur ytra mats eru viðmið um gæði stjórnunar, náms og kennslu og innra mats. Auk þess geta sveitastjórnir/skólar óskað eftir mati á fjórða þætti sem í þessu tilfelli var lestur. Viðmiðin eru byggð á lögum og reglugerðum um skólastarf og aðalnámskrá grunnskóla. Áherslur og straumar í skólafundum sveitarfélaga og Kennarasambands Íslands voru einnig hafðir til hliðsjónar, auk *Sameiginlegrar framtíðarsýnar fyrir grunnskólastarfið 2007-2020* (Hrönn Pétursdóttir, 2007). Litið var til viðmiða í ytra mati í öðrum löndum, s.s. Englandi, Skotlandi, Noregi, Svíþjóð, Þýskalandi og Kanada. Einnig var horft til viðmiða Reykjavíkurborgar í heildarmati á grunnskólum.

Við matið er gengið út frá almennum hluta aðalnámskrár grunnskóla frá 2011 og greinasviðum frá 2013. Skólar hafa svigrúm til að laga skólastarf sitt að aðalnámskrá til ársins 2015 og einn kaflahluta til 2016, það er kafla 9.4. Þar sem fjallað er um einkunnagjöf með hæfnikvarða sem skilgreindur er með bókstöfum. Matið er því leiðbeinandi og birtist í tillögum til úrbóta sem skólar geta stuðst við í innleiðingu sinni.

Aðferðir og framkvæmd

Matsaðilar byrjuðu á að afla sér upplýsinga um skólann áður en farið var í vettvangsathuganir og rýnivíðtöl. Kallað var eftir ýmsum gögnum sem varpað gátu ljósi á skólastarf, á prenti eða á rafrænu formi.¹ Þá voru skoðaðar niðurstöður samræmdra prófa og framfarastuðull frá Námsmatsstofnun undanfarin sjö ár. Skoðaðar voru úttektir á sjálfsmati skólans sem mennta- og menningarmálaráðuneyti lét gera árin 2003 og 2009. Þar kom fram að árið 2003 voru bæði sjálfsmatsaðferðir og framkvæmd talin fullnægjandi. Árið 2009 voru sjálfsmatsaðferðir taldar ófullnægjandi en framkvæmdin fullnægjandi að hluta. Engar heildar úttektir hafa verið gerðar af hálfu mennta- og menningarmálaráðuneytis undanfarin fimm ár.

¹ Skólanámskrá og starfsáætlun, sýnishorn af kennsluáætlunum og námsáætlunum, greinargerðir um innra mat, umbótaáætlun og matsáætlun, stundatöflur nemenda, símenntunaráætlun, yfirlit yfir valgreinar, niðurstöður ytra mats sveitarfélaga og/eða mennta- og menningarmálaráðuneytis. Önnur gögn sem skólinn lagði fram.

Kynningarfundur var haldinn 29. janúar 2014 fyrir allt starfsfólk Höfðaskóla og þá gafst einnig tækifæri til að fara með skólastjóra í skoðunarferð um skólann. Sama dag var haldinn fundur með sveitarstjóra, sveitarstjórn og fræðslustjóra. Þar voru forsendur matsins kynntar sem og framkvæmdin. Nokkru síðar tóku við vettvangsathuganir hjá u.þ.b. 80% kennara og þá gafst einnig tækifæri til að spjalla við nemendur. Haldnir voru rýnifundir með kennurum, öðrum starfsmönnum skólans, nemendum í 4.-10. bekk, foreldrum og fulltrúum í skólaráði. Þátttakendur í rýnihópum voru allir valdir með slembiúrtaki. Þá var tekið einstaklingsviðtal við skólastjóra og verkefnisstjóra sérkennslu, sem er staðgengill skólastjóra. Vegna fjórða matsþáttarins, lestrar, var sérstökum spurningum vegna hans einnig beint til allra rýnihópanna.

Vettvangsathugunin stóð yfir í tvo og hálfan dag (auk kynningafundar og skoðunar), þ.e. 3.-5. febrúar 2014. Farið var í 21 kennslustund hjá 12 kennurum og í fjölbreyttum námsgreinum, s.s. stærðfræði, tónmennt, heimilisfræði, ensku, íslensku, nýbúakennslu, samfélagsfræði, smíði, hönnun og íþróttum. Kennarar vissu hvaða daga matsmaður var væntanlegur í vettvangsheimsókn en ekki í hvaða tíma. Var það gert til að undirstrika að matið á að vera á hefðbundnum kennslustundum, ekki sérstaklega undirbúnum vegna matsins. Matsmenn fylltu út gátlista fyrir hverja kennslustund. Skólastjóri fékk í hendur samfellda lýsingu á hverri kennslustund þar sem einnig voru sérstaklega dregnir fram tveir þættir sem voru til fyrirmyndar og einn sem hugsanlega mætti bæta. Kennurum var boðið að hitta matsmenn í lok hvers dag og fá endurgjöf og nýttu um 90% kennara sér það.

Matsmenn fóru einstaklingslega yfir þau gögn sem aflað var fyrirfram en dagana milli vettvangsathugana og að lokinni skólaheimsókn unnu þeir saman að úrvinnslu gagna og komust að sameiginlegum niðurstöðum varðandi þá þætti sem metnir voru. Það ber að hafa í huga að þær gagnaöflunarleiðir sem stuðst er við, það er viðtöl og vettvangsathuganir, eru þess eðlis að niðurstöðurnar hafa takmarkað alhæfingargildi en gefa fjölbreyttar vísbendingar um það starf sem fram fer í skólanum.

Höfðaskóli

Bakgrunnur og samfélagslegt umhverfi

Saga skólahalds á Skagaströnd nær allt aftur á síðustu ár nítjándu aldar. Þá var farkennsla við lýði og svo var einnig fyrstu fjóra áratugi tuttugustu aldar. Kennslan var þá allt frá 2-3 vikum og upp í 2-3 mánuði á ári. Kennslustaðirnir voru margir allt til ársins 1922, að keypt var sérstakt húsnæði undir skólann í kaupúninu á Hólanesi. Þar var kennt til ársins 1958.

Árið 1939 varð kaupúnið að sjálfstæðu sveitarfélagi og það sama haust var komið á fót „fastaskóla“. Fyrsta skólaárið, 1939-1940, var einn kennari við skólann og var hann jafnframt skólastjóri.

Unglingadeild var bætt við árið 1948 og nýtt skólahús var tekið í notkun 1958. Þá voru 117 nemendur í 7 bekkjardeildum. Hins vegar voru kennslustofur aðeins 4 og skólinn því tvísetinn.

Nokkur sveifla hefur verið í nemendafjölda frá þessum tíma, fór í um 150 nemendur skólaárið 1963-1964 en síðan fækkaði nemendum og voru rúmlega 100 skólaárið 1971-1972. Þá varð aftur fjölgun og voru nemendur að meðaltali um 140 á níunda áratugnum. Síðan hefur nemendum fækkað og skólaárið 2013-2014 eru nemendur 92.

Árið 1982 var tekin í notkun ný viðbygging við skólann og bættust þá við ýmsar sérgreinastofur og bókasafn. Nýtt íþróttahús var tekið í notkun 1998. Í því eru einnig þrjár kennslustofur og þá var loksins hægt að einsetja skólann.

Í upphafi var nafn skólans Barnaskólinn í Höfðakaupstað, síðar Barna- og unglingaskólinn í Höfðakaupstað en svo var ákveðið að gefa skólanum sérstakt nafn og hlaut hann þá nafnið Höfðaskóli.

Nemendur í 1.-4. bekk geta verið í vistun, sem kölluð er Frístund, eftir skóla og er staðsett í skólahúsnæðinu. Í skólanum starfar nemendafélagið Rán en í því eru nemendur í 8.-10. bekk. Stjórn þess, sem jafnframt er nemendaráð, skipuleggur ýmsar skemmtanir fyrir alla árganga skólans.

Unglingarnir eiga kost á að sækja tólmstundastarf nokkrum sinnum í viku hjá félagsmiðstöðinni Undirheimum en sú starfsemi er ekkert tengd skólanum. Nemendur á mið- og yngsta stigi eiga einnig kost á að sækja félagsmiðstöðina.

Samstarf við leikskólann Barnaból er með þeim hætti að elstu leikskólabörnin koma í heimsókn í grunnskólann þrisvar sinnum yfir veturinn og svo er vorskóli. Þessi samskipti hafa verið að aukast hin síðari ár. Einnig fer 1. bekkur í heimsókn í leikskólann og leikskólabörnum er boðið á leiksýningar o.fl. í grunnskólanum. Bæði þessi skólastig hafa skólastefnu sveitarfélagsins að leiðarljósi, svo þær kenningar sem móta starf beggja skólastiga eru um margt líkar.

Tengsl við framhaldsskóla eru mest við Fjölbautaskóla Norðurlands vestra (FNV) vegna nálægðar og er hann skilgreindur sem heimaskóli nemenda úr Höfðaskóla. Nemendur í 10. bekk fara í heimsókn þangað og kynna sér nám og aðstöðu auk þess sem fulltrúar FNV koma í heimsókn og hitta 10. bekinga og foreldra þeirra. Þá hefur nemendum 10. bekkjar einnig boðist að fara í kynnisferð til Akureyrar og kynna sér Menntaskólann á Akureyri og Verkmenntaskóla Akureyrar. Námsráðgjafi upplýsir svo nemendur um aðra námsmöguleika á framhaldsskólastigi.

Tengsl við Tónlistarskóla Austur-Húnavatnssýslu er með þeim hætti að nemendur geta farið úr kennslustundum í grunnskólanum á „rúllandi töflu“ í einkatíma í hljóðfæraleik. Nemendur sækja tónlistartíma í húsnæði tónlistarskólans sem er í næsta húsi við skólann.

Árlega fá nemendur 10. bekkjar tækifæri til að kynna sér störf hjá fyrirtækjum bæjarins með því að dvelja hjá þeim hluta úr degi. Þá eru samskipti við listamiðstöðina Nes á Skagaströnd en þar dvelja og starfa erlendir og innlendir listamenn tímabundið. Margir þeirra koma í skólann og miðla reynslu auk þess að taka þátt í daglegu starfi. Nemendur eru svo vanir því að erlendir gestir komi í heimsókn að þegar matsmenn voru kynntir sem gestir spurðu þeir: „Tala þeir íslensku?“

Stefna skólans

Skólinn hefur sett sér einkunnarorð sem eru: *styrkur, vinsemd, virðing*. Í skólanámskránni er skilmerkilega gerð grein fyrir hverju þessara gilda. Meðal annars er tekið fram að með *styrk* er átt við andlegan, félagslegan og námslegan styrk. Með *vinsemd* er átt við öryggi, samvinnu og vellíðan og undir *virðingu* heyrja heilindi, traust, skilningur og kurteisi.

Þessi gildi ríma vel við stefnu sveitarfélagsins en þar sem segir m.a. að: „*skólastarf skuli einkennast af gagnkvæmri virðingu og vellíðan allra og að skólastarf skuli leggja grundvöll að sjálfstæðri, skapandi hugsun og samstarfshæfni nemenda*“.

Höfðaskóli hefur verið þátttakandi í Olweusaráætluninni frá árinu 2004 en helstu markmið aðgerðaáætlunar Olweusar eru að draga úr tækifærum til eineltis og byggja upp afstöðu nemenda, kennara og foreldra gegn einelti.

Skólinn hefur innleitt stefnuna *Uppeldi til ábyrgðar – uppbygging sjálfsaga*. Helstu áherslur þessir stefnunnar eru þessir:

- Ná samstöðu um lífsgildi til að hafa að leiðarljósi og fylgja þeim síðan eftir með fáum skýrum reglum.
- Miða að því að kenna börnum og unglingum sjálfstjórn og sjálfsaga og læra af mistökum í samskiptum.
- Ýta undir hæfni til að taka ábyrgð á eigin orðum og gerðum.
- Gefa innri styrk og aukið sjálfstraust.
- Þjálfva börn í að vera þau sem þau vilja vera en ekki bara að geðjast öðrum.
- Ýta undir umhyggjusamt skólasamfélag.

Starfandi eru nokkrir verkefnahópar kennara sem vinna að nýbreytni- og þróunarverkefnum. Hóparnir sinna eftirfarandi verkefnum: Endurnýting og sjálfbærni, innra mat, skólanámskrá, Olweus/Uppeldi til ábyrgðar og „Stelpustúss“, sem er verkefni vegna samskiptaerfiðleika stúlkna á miðstigi.

Starfsmenn

Alls starfa 22 starfsmenn við Höfðaskóla. Auk skólastjóra eru 15 kennarar, þar af einn verkefnastjóri sérkennslu, í 11,7 stöðugildum og 7 aðrir starfsmenn. Leiðbeinendur eru í 1,8 stöðugildum, annar þeirra er með meistaraþróf í hönnun og kennir m.a. hönnun í skólanum, sinnir umsjónarkennslu og sér um tólmundastarf með nemendum. Hinn leiðbeinandi er menntaður tólmundafulltrúi (B.Ed.) og kennir smíðar.

Ekki er starfandi aðstoðarskólastjóri við skólann en til ráðgjafar fyrir skólastjóra var stofnað kennararáð sem í sitja, auk skólastjórans, stígsstjóri unglingastígs og yngra stígs og verkefnastjóri sérkennslu sem jafnframt er staðgengill skólastjóra.

Námsráðgjafi er tvo daga í viku í skólanum og hjúkrunarfræðingur hálfan dag í viku. Aðrir sérfræðingar, s.s. sálfræðingur, talmeinafræðingur og kennsluráðgjafi, koma á vegum Fræðsluskrifstofu Austur-Húnavatnssýslu eftir þörfum. Eins og fram kemur eru nánast allir kennarar með kennsluréttindi í grunnskóla, eða 90%, og nýttist sérhæfing þeirra vel í starfi. Af 22 starfsmönnum skólans eru fimm karlmenn, eða 22,7% starfsmanna. Nokkur starfmannavelta hefur verið undanfarin ár en þrír nýir kennarar komu til starfa haustið 2013.

Nemendur

Í Höfðaskóla eru 92 nemendur á vorönn 2014. Meðalstærð bekkja er 9,2 nemendur.

Fjöldi nemenda eftir bekkjardeildum:

Bekkur	1.	2.	3.	4.	5.	6.	7.	8.	9.	10.
Fjöldi nemendur	6	11	4	10	12	9	13	12	8	7
Bekkjardeildir	1	1	1	1	1	1	1	1	1	1

Sex nemendur fá skilgreinda sérkennslu og eru með einstaklingsnámskrá vegna sérþarfa. Fjórir nemendur eru með annað móðurmál en íslensku. Tveir nemendur taka framhalssskólaáfangu á þessu ári, einn í stærðfræði og annar í ensku. Allir nemendur í 9. og 10. bekk fá kynningu og starfsþjálfun í iðngreinum við Fjölbrautaskóla Norðurlands vestra og fá fyrir það 2 einingar.

Árangur náms

Samræmd könnunarþróf

Einn einkunnakvarði sem notaður er við úrvinnslu samræmdra könnunarþróa í grunnskólum landsins byggir á aðlögun stigadreifingar að normaldreifingu. Þessi einkunnakvarði hefur alltaf sama meðaltal og staðalfrávik frá ári til árs og gerir þannig kleift að bera saman frammistöðu milli ára og jafnvel námsgreina. Kvarði nær frá 0 upp í 60, þar sem meðaltalið er 30 og staðalfrávikíð tíu.

Samantekt á niðurstöðum 2007-2013**4. bekkur**

Nemendur í fjórða bekk hafa síðustu sjö árin verið undir landsmeðaltali í íslensku og stærðfræði, að árinu 2009 í stærðfræði undanskildu. Besti árangurinn var árið 2009 en þegar síðustu sjö ár eru tekin saman sést hvernig árangurinn er um fimm stigum undir landsmeðaltali.

4. bekkur		Íslenska			Stærðfræði		
Ár	Meðaltal	Staðalfrávik	Fjöldi	Meðaltal	Staðalfrávik	Fjöldi	
2007			6			7	
2008			9			9	
2009	29,67	12,69	12	30,92	10,62	12	
2010	23,07	8,34	14	20,07	8,35	14	
2011			8			8	
2012	28,80	8,13	10	27,30	8,83	10	
2013			9			9	
Öll árin	24,62	9,97	68	25,30	9,30	69	

7. bekkur

Nemendur í sjöunda bekk hafa síðustu sex ár verið undir landsmeðaltali í íslensku og stærðfræði. Þegar síðustu sjö ár eru tekin saman sést hvernig frammistaða í íslensku er um 4,5 stigum undir landsmeðaltali en um sjö stigum undir landsmeðaltali í stærðfræði.

7. bekkur		Íslenska			Stærðfræði		
Ár	Meðaltal	Staðalfrávik	Fjöldi	Meðaltal	Staðalfrávik	Fjöldi	
2007	21,64	9,23	11	21,33	10,82	12	
2008	29,77	14,31	13	28,31	12,38	13	
2009	25,50	8,49	10			9	
2010			7			7	
2011	24,00	12,88	10	22,00	13,32	10	
2012	28,75	14,42	12	22,75	10,91	12	
2013	23,23	12,17	13	17,85	11,07	13	
Öll árin	25,57	11,78	76	22,86	11,04	76	

10. bekkur

Árangur nemenda í tíunda bekk er heldur sveiflukenndari en í yngri bekkjunum. Árið 2008 var frammistaða í íslensku og stærðfræði undir landsmeðaltali en frammistaða í ensku var tveimur stigum yfir meðaltali. Árið 2011 tók sterkur hópur prófið þar sem frammistaða í öllum námsgreinum var yfir landsmeðaltali. Samantekt síðustu sjö ára sýnir að frammistaða er um þremur til fjórum stigum undir landsmeðaltali í öllum greinum, þar sem dreifing stiga í stærðfræði og ensku er örlítið hærrí en á landsvísu.

10. bekkur	Íslenska			Stærðfræði			Enska			
	Ár	Meðaltal	Staðalfrávik	Fjöldi	Meðaltal	Staðalfrávik	Fjöldi	Meðaltal	Staðalfrávik	Fjöldi
2007				9	24,10	10,15	10	24,30	8,99	10
2008				6			7			7
2009	25,33	7,16		12	25,75	10,00	12	28,83	10,19	12
2010	24,62	12,79		13	22,85	13,56	13	25,46	13,74	13
2011	30,38	10,62		13	34,82	12,57	11	31,82	14,09	11
2012				9			9			9
2013				7			7			7
Öll árin	26,13	9,75		69	27,33	11,44	69	27,81	11,68	69

Framfarir

Framfarastuðull nemenda er reiknaður út frá einkunnum þeirra á tveimur samræmdum prófum. Þetta er gert á milli fjórða og sjöunda bekkjar annars vegar og sjöunda og tíunda bekkjar hins vegar. Þessum stuðli er ætlað að veita upplýsingar um það hvort frammistaða nemanda hafi breyst frá því hann þreytti samræmd próf fyrir á námsferlinum. Á landsvísu er skiptingin að jafnaði þannig að um 15% sýna minni framfarir en jafnaldrar, um 50% sýna svipaðar framfarir, um 15% sýna meiri framfarir og um 5% sýna talsvert meiri framfarir en aðrir. Að jafnaði er ekki hægt að reikna framfarastuðla um 15% nemenda ár hvert vegna gagnaskorts.

Þegar framfarastuðlar í íslensku fyrir nemendur í sjöunda bekk eru teknir saman fyrir síðustu sjö ár eru þeir í nokkru samræmi við landið allt. Um 57,7% nemenda sýnir svipaðar framfarir og almennt gerist á landsvísu, 15,4% nemenda sýna meiri framfarir en almennt gerist, 5,1% sýna talsvert meiri framfarir en 15,4% sýna minni framfarir. Ekki var hægt að reikna framfarastuðla fyrir 6,4% nemenda. Þegar horft er á stærðfræðina sýna 65,4% svipaðar framfarir og jafnaldrar á landsvísu, 20,5% sýna minni framfarir og 9% sýna meiri framfarir. Enginn nemandi í sjöunda bekk síðustu sjö ára hefur sýnt talsvert meiri framfarir en aðrir í sama árgangi. Ekki var hægt reikna framfarastuðla í stærðfræði fyrir 5,1% nemenda.

Framfarastuðlar í tíunda bekk eru í nokkru samræmi við landið allt þegar síðustu sjö ár eru tekin saman í íslensku. Þar sýna 47,3% nemenda svipaðar framfarir og aðrir, 17,6% sýna minni framfarir, 13,5% sýna meiri framfarir og 6,8% sýna talsvert meiri framfarir en aðrir sem tekið hafa prófið á sama tíma. Ekki var hægt að reikna framfarastuðla fyrir 14,9% nemenda í íslensku. Í stærðfræði sýndu 52,7% svipaðar framfarir og aðrir, 9,5% sýndu minni framfarir, 24,3% sýndu meiri framfarir og 5,4% sýndu talsvert meiri framfarir en jafnaldrar sýnir á landsvísu. Ekki var hægt að reikna framfarastuðla fyrir 8,1% nemenda í stærðfræði.

Þátttaka

Þegar þátttaka nemenda í fjórða bekk er tekin saman fyrir síðustu þrjú árin sést að 96,7% nemenda þreyttu prófin. Enginn nemandi í sjöunda bekk hefur verið undanþeginn prófi síðustu þrjú árin og sömu sögu má segja um tíunda bekkinn þar sem enginn nemandi hefur verið undanþeginn prófi síðustu þrjú árin.

Starfstími

Samkvæmt skóladagatali 2013-2014 er árlegur skólatími 180 dagar. Á skóladagatali sjást þó aðeins 173 dagar sem jafngilda 180 skóladögum. Skýringin á þessu eru tveir svokallaðir „tvöfaldir dagar“ sem þýðir að þá daga er skólatími nemenda tvöfaldur, annars vegar hefðbundinn kennsludagur og hins vegar viðburður, svo sem árshátíð sem tekur nokkrar klukkustundir og fer fram seinni hluta dags eða að kvöldi. Lengri kennslutími í hverri viku sem nemur 50 mínútum jafngildir svo fimm kennsludögum.

Þessa tilhögun, að gera ráð fyrir færri en 180 skóladögum, hefur skólasamfélagið samþykkt, þ.e. skólaráð og skólanefnd, en benda ber á að mennta- og menningarmálaráðuneyti hefur sent frá sér álit dagsett 31. ágúst 2012 um mögulega útfærslu á nýtingu 10 annarra skóladaga sem ekki má ákveða nema til eins árs í einu. Bent skal á að ráðuneytið er ekki samþykkt því fyrirkomulagi sem var á framkvæmd skóladagatals skólans 2013-2014, sbr. áðurgreint álit. Vikulegur kennslutími nemenda er samkvæmt viðmiðunarstundaskrá.

Sérfræðiþjónusta

Skólinn sækir sér sérfræðiþjónustu og ytri ráðgjöf til Fræðsluskrifstofu Austur-Húnavatnssýslu og er þjónustan veitt í samræmi við ákvæði í reglugerð nr. 584/2010 um sérfræðiþjónustu við leik- og grunnskóla og nemendaverndarráð í grunnskólum.

Niðurstöður

Svið I - Stjórnun

Skólastarf í Höfðaskóla og stjórnun hans tekur mið af stefnu sveitarfélagsins Skagastrandar og eru einkunnarorð skólans *styrkur, vinsemd, virðing*, í samræmi við hana. Stjórn skólans byggir á því sem kemur fram í lögum um grunnskóla þar sem segir:

Við grunnskóla skal vera skólastjóri sem er forstöðumaður grunnskóla, stjórnar honum, veitir faglega forustu og ber ábyrgð á starfi skólans gagnvart sveitarstjórn. Skólastjóri stuðlar að samstarfi allra aðila skólasamfélagsins. Skólastjóri boðar til kennarafunda svo oft sem þurfa þykir á starfstíma grunnskóla. Kennarafundi skulu sækja kennarar og aðrir sérfræðingar skólans. Skólastjóri boðar til starfsmannafunda svo oft sem þurfa þykir (7. gr. laga um grunnskóla nr. 91/2008).

Þá segir í aðalnámskrá grunnskóla:

Skólastjóri í samstarfi við starfsfólk ber ábyrgð á gæðum þess starfs sem fer fram í viðkomandi skóla (kaflí 10.1).

Fagleg forysta

Stjórnandinn sem leiðtogi

Stjórnandi leitast við að rækta góð samskipti við nemendur, starfsmenn og foreldra í daglegu starfi. Stefna skólans er skýrt fram sett og birt á heimasíðu, skólinn hefur mótað einkunnarorð/gildi skólastarfsins og allir í skólasamfélaginu þekkja þau. Upplýsingum um árangur nemenda, bæði innan skólans og utan, er m.a. miðlað á heimsíðu skólans. Skólastjóri leggur áherslu á gæði náms og kennslu fyrir alla nemendur.

Skólastjóri fylgist með námi og kennslu með óformlegum hætti en fer ekki reglulega í kennslustundir til þess og að veita endurgjöf.

Styrkleikar

- Skólastjóri leggur rækt við góð samskipti í daglegu starfi.
- Skólinn hefur skýra stefnu og hefur mótað sér einkunnarorð.
- Skólastjóri leggur áherslu á gæði náms og kennslu.

Tækifæri til umbóta

- Huga þarf að endurgjöf til kennara með markvissum hætti.

Stjórnun stofnunar

Þegar kennslu er skipað niður er tekið mið af menntun og sérhæfingu kennara til að tryggja sem best gæði náms og kennslu. Starfslýsingar allra starfsmanna liggja fyrir og skólastjóri veitir starfsfólki endurgjöf fyrir vel unnin störf. Starfsþróunarsamtöl eru regluleg fyrir alla starfsmenn og fyrir liggur gátlisti/móttökuáætlun fyrir nýja starfsmenn.

Allir starfsmenn undirrita skjal um trúnað og þagnarskyldu. Gætt er að góðri skjalastjórnun með vörslu persónuupplýsinga um nemendur í læstum hirslum en ekki eru til skráðar reglur varðandi þennan þátt. Jafnréttisáætlun er til fyrir stofnanir sveitarfélagsins en hefur ekki verið uppfærð skv. samþykktum þar að lútandi.

Fyrir liggur skipurit sem endurspeglar fyrirkomulag stjórnunar í skólanum. Varðandi menntun starfsmanna væri æskilegt að skrá það árlega m.t.t. sí- og endurmenntunar. Verklagsreglur um meðferð ágreinings- og eineltismála í starfsmannhópi liggja ekki fyrir, hvorki í skólanum né hjá sveitarfélaginu.

Styrkleikar

- Við skipan kennslu er tekið mið af menntun og sérhæfingu kennara.
- Starfslýsingar allra starfsmanna liggja fyrir.
- Starfsþróunarsamtöl eru haldin reglulega fyrir starfsmenn.
- Greiningargögn og trúnaðarskjöl eru varðveitt í læstum hirslum.
- Jafnréttisáætlun er til staðar fyrir skólann sem eina af stofnunum sveitarfélagsins.

Tækifæri til umbóta

- Skrá þarf reglur um upplýsingagjöf um nemendur.
- Móta þarf verklagsreglur um meðferð ágreinings- og eineltismála í starfsmannahópnum.
- Huga þarf að skráningu á menntun og sérhæfingu starfsmanna.

Faglegt samstarf

Í stefnu skólans kemur skýrt fram að lýðræðisleg vinnubrögð séu viðhöfð í öllum þáttum skólastarfsins. Nægir þar að nefna stefnuna *Uppeldi til ábyrgðar*. Einnig kom fram í rýnihópum nemenda og starfsmanna að lýðræðisleg vinnubrögð einkenni samstarf í skólanum. Sett er upp fundaáætlun fyrir árið og formlegir fundir starfsmanna eru boðaðir með dagskrá og fundargerðir aðgengilegar.

Faglegt samstarf kennara fer fram í faghópum, á aldurstigum og/eða árgöngum í samræmi við stefnu skólans.

Samskipti við önnur skólastig og grenndarsamfélagið eru regluleg og skráð. Má þar nefna samstarf við leikskólann Barnaból, Fjölbrautaskóla Norðurlands vestra, listasmiðjuna Nes og stofnanir bæjarins. Sem dæmi um náð samstarf við grenndarsamfélagið má nefna að þegar matsmenn voru að störfum kom frystitogari inn til löndunar og þá var gripið tækifærið og nemendahópi gafst kostur á að skoða skipið, tæki þess og tól, hátt og lágt.

Samskipti í skólasamfélaginu virðast að mestu leyti einkennast af jákvæðni og gagnkvæmu trausti aðila. Þó kom fram í rýnihópi foreldra að þeir telja að þar vanti nokkuð upp á.

Styrkleikar

- Í stefnu skólans kemur fram að lýðræðisleg vinnubrögð séu viðhöfð.
- Sett er upp fundaáætlun fyrir árið sem nær til allra starfsmanna.
- Fundir eru formlega boðaðir með dagskrá og fundargerðir aðgengilegar.
- Samskipti við önnur skólastig eru regluleg og skráð.

Tækifæri til umbóta

- Byggja enn frekar upp traust milli foreldra og skóla og efla samvinnu þessara aðila.

Skólaþróun

Endurmenntunarstefna var sett fyrir Höfðaskóla árið 2012 (drög á heimasíðu). Þar eru bæði langtímamarkmið og leiðir en útfærsla fyrir yfirstandandi skólaár er ekki til staðar, hvorki áherslur skólans né hvernig einstaklingar sækja símenntun. Skólar í Húnavatnssýslum hafa þó sameignlega gefið út áætlun um það sem tekið verður fyrir þetta skólaár.

Í endurmenntunarstefnunni kemur fram að símenntun kennara miðar að því að efla þá í starfi. Í rýnihópi kennara kom fram að kennarar eru hvattir af skólastjóra til að leita fjölbreyttra leiða til að efla sig í starfi.

Ákveðnir aðilar í skólanum bera ábyrgð á framkvæmd innra mats með þátttöku skólastjóra. Ekki er til þróunar- og/eða umbótaáætlun sem byggir á stefnu skólans og innra og ytra mati á starfinu og því ekki hægt að skoða samræmi milli hennar og endurmenntunarstefnu skólans.

Styrkleikar

- Símenntun kennara miðar að því að efla þá í starfi.
- Kennarar fá hvatningu til að leita fjölbreyttra leiða til sí- og endurmenntunar.
- Ákveðnir aðilar í skólanum bera ábyrgð á framkvæmd innra mats.

Tækifæri til umbóta

- Gera umbótaáætlun sem byggir á stefnu skólans og innra og/eða ytra mati.
- Gera símenntunaráætlun þar sem fram koma áherslur skólans og hvernig einstaklinga sækja símenntun.

Stefnumótun og skipulag

Starfsáætlun og skólanámskrá

Skólanámskráin endurspeglar áherslur í skólastefnu sveitarfélagsins og sama gildir um starfsáætlunina. Skólanámskrá og starfsáætlun skólans uppfylla flest þau viðmið sem birt eru í aðalnámskrá. Hins vegar þarf að uppfæra þær báðar fyrir yfirstandandi skólaár.

Skólastjóri hefur forgöngu um endurskoðun skólanámskrár með þátttöku starfsfólks. Teymi er starfandi sem skipuleggur vinnu þar sem unnið er að endurskoðun, m.a. með tilliti til nýrrar aðalnámskrár. Foreldrar og nemendur koma ekki að þessari endurskoðun, eða uppfærslu starfsáætlunar, meðal annars vegna þess að skólaráð er ekki starfandi. Í rýnihópum kom fram að flestir aðilar þekkja stefnu skólans eins og hún birtist í skólanámskrá.

Þar sem skólaráð hefur ekki verið starfandi frá hausti 2013 hefur skólanámskrá og starfsáætlun ekki verið lögð fyrir það til umsagnar.

Á skóladagatali eru 173 skóladagar nemenda. Lengri kennslutími í hverri viku, sem nemur 50 mínútum, jafngildir fimm kennsludögum og tveir dagar eru svokallaðir „tvöfaldir dagar“. Þá daga eru auk hefðbundinnar kennslu viðburðir í gangi seinni hluta dags og kvöld. Þetta hefur verið samþykkt hjá öllum aðilum skólasamfélagsins en ráðuneyti telur ekki farið að lögum þar sem skóladagar nemenda eru ekki 180.

Styrkleikar

- Skólanámskrá og starfsáætlun endurspeglar áherslur í skólastefnu sveitarfélagsins.
- Skólanámskrá og starfsáætlun uppfylla flest viðmið aðalnámskrár.
- Unnið er að endurskoðun skólanámskrár m.t.t. nýrrar aðalnámskrár.

Tækifæri til umbóta

- Uppfæra skólanámskrá og starfsáætlun fyrir yfirstandandi skólaár.
- Uppfylla viðmið um árlegan fjölda skóladaga nemenda.
- Leggja starfsáætlun fyrir skólaráð og skólanefnd til staðfestingar.
- Gefa nemendum og foreldrum tækifæri til að koma að endurskoðun skólanámskrár og uppfærslu starfsáætlunar.

Skóladagur nemenda

Vikulegur kennslutími nemenda er í samræmi við viðmiðunarstundaskrá. Stundatöflur nemenda eru samfelldar og frímínútur/hvöld skipulögð með hliðsjón af aldri og þroska nemenda. Sveigjanleiki viðmiðunarstundaskrár er nýttur til að skapa samfellu í námi, t.d. eru list- og verkgreinar kenndar í lotum.

Námsgreinar eru samþættar að einhverju leyti. Má þar nefna valgreinina Heilsufræði, þar sem íþróttir og heimilisfræði koma saman. Þá eru dæmi um samþættingu í tónlist og íslensku í yngri árgöngum og í samfélagsfræði og íslensku á unglingsstigi og í yngri árgöngum.

Nemendahópar eiga sameiginlega tíma á stundatöflu og þannig skapast tækifæri til samvinnu. Þetta er t.d. nýtt í 1.-6. bekk í einn tíma á viku þar sem unnið er með alls kyns námsspil, þvert á aldurshópa. Boðið er upp á fjölbreyttar valgreinar, s.s. upplýsingatækni, hönnun, list- og verkgreinar, íþróttufræði, félagsstörf og leiklist auk þess sem nám nemenda utan skóla, t.d. í tónlistarskóla, er metið til valgreina, óski foreldrar eftir því.

Styrkleikar

- Vikulegur kennslutími nemenda er í samræmi við viðmiðunarstundaskrá.
- Stundatöflur eru samfelldar og frímínútur skipulagðar í samræmi við aldur og þroska nemenda.
- Sveigjanleiki viðmiðunarstundaskrár er nýttur.
- Nemendahópar eiga sameiginlega tíma á stundatöflu.
- Dæmi eru um samþættingu námsgreina.

Tækifæri til umbóta

- Huga mætti að enn meiri samþættingu námsgreina.

Verklagsreglur og áætlanir

Í verkefninu *Uppeldi til ábyrgðar* er fjallað um leiðir til að viðhalda góðum starfsanda og jákvæðum skólabrag. Þær áherslur koma einnig fram í skólanámskrá og unnið er eftir þeim. Skólareglur liggja fyrir en uppfæra þarf þær m.t.t. reglugerðar um ábyrgð og skyldur aðila skólasamfélagsins í grunnskólum 1040/2011.

Nemendur taka þátt í að móta reglur innan hvers bekkjar, nokkurs konar bekkjarsáttmála, í anda *Uppeldis til ábyrgðar*.

Til er áætlun um kannanir og skimanir sem lagðar eru fyrir nemendur til að finna þá sem þurfa námsaðstoð en hún er ekki opinber eða aðgengileg á heimasíðu.

Verklagsreglur og viðbrögð við einelti eru skilvirk og allir aðilar skólasamfélagsins þekkja þau en unnið er skv. Olweusaráætlun. Áætlun um sérkennslu og stuðning er til staðar og henni fylgt eftir. Umsjón með því hefur sérstakur verkefnisstjóri. Þó unnið sé að ýmsum forvarnarverkefnum þá er ekki til forvarnaráætlun fyrir skólann sem tekur á forvörnum gegn vímu- og fíkniefnum, kynferðislegu ofbeldi o.fl.

Ekki er til áætlun um móttöku nýrra nemenda, nemenda með annað móðurmál en íslensku eða móttöku nemenda með sérþarfir.

Styrkleikar

- Leiðir til að viðhalda góðum starfsanda og jákvæðum skólabrag eru mótaðar og unnið eftir þeim.
- Nemendur taka þátt í að móta bekkjarreglur/sáttmála.
- Áætlun um kannanir og skimanir er til og unnið er eftir henni.
- Verklagsreglur og viðbrögð við einelti eru skilvirk og unnið eftir þeim.
- Sérkennsla og stuðningur eru skipulögð af ákveðnum aðila.

Tækifæri til umbóta

- Gera forvarnaráætlun.
- Birta á heimasíðu áætlanir um kannanir og skimanir.
- Gera móttökuáætlun fyrir nýja nemendur, nemendur með annað tungumál en íslensku og nemendur með sérþarfir og birta á heimasíðu.

Samskipti heimila og skóla**Skólaráð, foreldrafélag**

Skólastjóri fundar með stjórn foreldrafélagsins þegar stjórnin óskar eftir því og fundaraðstaða er í skólanum.

Skólaráð var ekki starfandi framan af skólaárinu 2013-2014 og hefur ekki sett sér vinnureglur. Áætlanir um skólahald og skólaþróun hafa því ekki verið lagðar fyrir ráðið til umsagnar. Búið er að kjósa í skólaráð og boða til fyrsta fundar ráðsins. Dagskrá fundarins liggur fyrir.

Fulltrúi foreldra í skólaráði á sér bakland í foreldrafélaginu og fulltrúar nemenda í nemendaráði. Fulltrúar kennarar eru kosnir á kennarafundi.

Styrkleikar

- Skólastjóri fundar með foreldrafélaginu þegar óskað er eftir og fundir eru haldnir í skólahúsnæðinu.
- Fulltrúar foreldra, nemenda og kennara eru kosnir í skólaráð með lýðræðislegum hætti.

Tækifæri til umbóta

- Virkja skólaráðið og halda reglulega fundi.
- Leggja fyrir skólaráð allar helstu áætlanir um skólahald og þróun.
- Gera fundargerðir skólaráðs aðgengilegar á heimasíðu.
- Kjósa alla fulltrúa skólaráðs með lýðræðislegum hætti.
- Skólaráð setji sér vinnureglur.

Pátttaka foreldra í skólastarfi og upplýsingamiðlun

Að hausti ár hvert er námskynning fyrir foreldra allra aldurshópa þar sem skólastarf komandi vetrar er kynnt. Skólastjóri og kennarar nýta foreldraviðtöl og upplýsingagjöf í Mentor til að gefa foreldrum tækifæri til að taka þátt í og fylgjast með námi barna sinna.

Flestir kennarar skólans senda vikulega upplýsingar til foreldra í gegnum Mentor um það sem gert hefur verið í liðinni viku og hvað framundan er, en samræma þarf upplýsingagjöfina milli kennara.

Skipulagðar foreldraheimsóknir eru reglulegur þáttur í skólastarfinu og má þar nefna sýningu á list- og verkgreinum við annaskipti, á Elínborgardegi, á árshátíð og við skólasetningu og skólaslit.

Elínborgardagur er nefndur svo til heiðurs Elínborgu Jónsdóttur sem var kennari og starfsmaður skólans í hálfra öld. Hún var mikill fagmaður, lagði sérstaka áherslu á lestur og kenndi börnum bæði í skóla og heima ef svo bar undir. Elínborgardagurinn er haldinn hátíðlegur ár hvert á Degi íslenskrar tungu.

Foreldrar fara sjaldan með í vettvangsferðir á vegum skólans, nema þeir hafi tekið þátt í skipulagningunni, en þá er gjarnan óskað eftir tveimur aðilum í hverja ferð.

Foreldrum er ljóst hvert þeir eiga að leita ef þá vantar upplýsingar eða ef þeir vilja koma ábendingum á framfæri. Leitað er eftir álit og tillögum foreldra með könnunum, auk þess sem reynt er að fá fram sjónarmið þeirra á námskynningum. Þó kom fram hjá rýnihópi foreldra að þeim finnst ábendingum þeirra ekki alltaf vel tekið.

Heimasíða Höfðaskóla er ekki mjög aðgengileg en verið er að endurskoða hana og uppfæra.

Styrkleikar

- Námskynningar að hausti eru fastur liður í starfi skólans.
- Skipulagðar foreldraheimsóknir eru reglulegur þáttur í skólastarfinu.
- Foreldrar eru reglulega upplýstir um árangur nemenda í námi, m.a. með foreldraviðtölum og upplýsingum í Mentor.

Tækifæri til umbóta

- Samræma þarf og efla upplýsingamiðlun kennara í Mentor.
- Treysta þarf samskipti heimila og skóla á alla lund og þarf skólasamfélagið allt að koma þar að máli.

Svið II - Nám og kennsla

Skólafélagið sýnir afstöðu skólans til starfsáætlunar 2011. Í skólafélaginu segir m.a.: „Metnaður og framsækni einkenni skólasamfélagið á Skagaströnd. Skólarnir skapi kjörumhverfi til náms í góðu samstarfi við heimilin og grenndarsamfélagið, þar sem nemendur öðlist þroska og menntun við hæfi.“

Í skólafélaginu segir enn fremur að menntun skuli vera við hæfi hvers og eins og að skólinn skuli móta sér stefnu þar sem lögð er áhersla á að námsframvinda hvers nemanda sé í samræmi við getu hans og þroska.

Stefna Höfðaskóla eins og hún birtist í skólanámskrá tekur mið af skólafélaginu. Stefna skólans eða yfirmarkmið hans koma fram í einkunnarorðunum *styrkur – vinsemd – virðing*. Segja má að einkunnarorðin séu sýnileg í öllu skólastarfi en hins vegar eru þau ekki áberandi á veggjum skólans þannig að gestir sjái þau.

Nám og námsaðstæður

Inntak og árangur

Skólanámskrá er aðgengileg á heimasíðu skólans. Hún ber vitni um framsækni í starfi og fram kemur að skólinn er án aðgreiningar og sérhver nemandi fær nám og kennslu við hæfi sem uppfyllir ákvæði aðalnámskrár. Lýðræðisleg vinnubrögð einkenna skólastarfið og jákvæður skólabragur og virðing koma fram í öllu starfi.

Í aðalnámskrá 2011 segir að skóli skuli birta stefnu sína með tvennum hætti: „Annars vegar er almenn stefnumörkun birt í skólanámskrá og hins vegar upplýsingar sem eru breytilegar frá ári til árs, birtar í árlegri starfsáætlun.“

Gert er ráð fyrir að skólanámskrá sé unnin með reglulegu millibili til nokkurra ára í senn. Gildistími skólanámskrár þarf að koma fram og einnig að hve mörgum árum liðnum kaflar í henni skuli endurskoðaðir. Starfsáætlun skóla þarf hinsvegar að uppfæra fyrir hvert skólaár.

Á heimasíðu Höfðaskóla kemur fram hvaða þættir skólastarfsins skulu vera í starfsáætlun og er um tæmandi lýsingu að ræða. Aftur á móti er ekki alltaf samræmi á milli fyrirsagna í valmynd og innihalds þeirrar síðu sem opnast. Nauðsynlegt er að endurskoða og uppfæra heimasíðu skólans í samræmi við þau fyrirmæli sem er að finna í aðalnámskrá 2011 og gæta þess að á síðunni séu réttar upplýsingar en þess má geta að verið er að hanna nýja heimasíðu.

Upplýsingar um markmið náms og kennslu og námsvísar byggja á aðalnámskrá og skólafélaginu.

Vegna fámennis er erfitt að meta hvort skólinn viðheldur stöðu sinni í samræmdum prófum. Árangur er sveiflukennður en þegar litið er til síðustu sjö ára er hann að meðaltali nokkuð undir landsmeðaltali. Athygli vekur að nánast engin undanþága er frá töku þessara prófa.

Fylgst er með árangri nemenda, nemendahópa og skólans í heild með það að markmiði að viðhalda góðum árangri og efla skólastarfið enn frekar.

Styrkleikar

- Skólanámskráin ber vitni um framsækið starf og fram kemur að skólinn er án aðgreiningar og sérhver nemandi fær nám og kennslu við hæfi sem uppfyllir ákvæði aðalnámskrár.
- Nær allir nemendur skólans taka samræmd próf.

Tækifæri til umbóta

- Leita leiða til að bæta árangur í samræmdum prófum.
- Leggja þarf áherslu á að uppsetning og inntak skólanámskrár og starfsáætlunar sé í samræmi við fyrirmæli í aðalnámskrá frá 2011.
- Endurskoða og uppfæra heimasíðu.

Skipulag náms og námsumhverfi

Í dag fer nám og kennsla fram í tveimur húsum, þ.e. í Höfðaskóla, sem er að stofni til frá árinu 1958, og í nýlegri og glæsilegri íþróttamiðstöð. Í íþróttamiðstöðinni eru þrjár kennslustofur fyrir 8.-10. bekk og fer nám elstu bekkjanna að mestu fram í íþróttamiðstöðinni. Aðstaða til náms í Höfðaskóla er því nokkuð góð þó að alltaf megi bæta enn frekar. Auka mætti við tæknibúnað til að nota við kennslu, s.s. skjávarpa í stofur, tölvubúnað fyrir nemendur o.fl.

Í skólafélagi Höfðaskóla kemur fram að lögð er áhersla á læsi í víðum skilningi og nýttir skólinn *Byrjendalæsi* til þess í yngstu árgöngunum. Einnig kemur fram að Höfðaskóli er í samstarfi við aðila um Olweusaráætlunina og *Uppeldi til ábyrgðar* og eru þau lífsviðhorf sem koma fram í stefnunum ætlað að vera stefnumarkandi leiðarstef í öllu starfi skólans, einnig í námi og kennslu.

Námsvísar/bekkjarnámskrár sem birt eru í skólanámskrá eru frá árinu 2011-2012 og uppfylla ekki þær kröfur sem gerðar eru í greinasviði aðalnámskrá frá 2013 en þar segir: „Á grundvelli hæfniviðmiðna velja kennarar og nemendur kennsluaðferðir, námsefni og skal gera grein fyrir þeim í skólanámskrá viðkomandi skóla“ (Aðalnámskrá, 2013:84).

Kennara vinna kennsluáætlanir út frá námsvísu/bekkjarnámskrám í hverri námsgrein fyrir bekk og/eða námshópa. Kennsluáætlanir eru endurskoðaðar árlega og kynntar á námskynningum að hausti. Námsvísar/bekkjarnámskrár sem birt eru í skólanámskrá Höfðaskóla sýna stigvaxandi kröfur í námi milli árganga.

Fram kom í rýnihópi nemenda að nemendur þekktu hvorki námsvísa/bekkjarnámskrár né kennsluáætlanir. Þó kom fram hjá nemendum í rýnihópnum að einn kennari færi stundum yfir kennsluáætlanir með þeim fyrir próf.

Í námsáætlun frá 2011-2012 fyrir 10. bekk stendur orðrétt: „Nemendur vinna eftir eigin áætlunum sem gerðar eru í samráði við kennara. Þess vegna verða þeir ekki allir með sama efni á sama tíma. Allir stefna þó að því að ná þeim markmiðum sem sett eru fyrirkennsluna í vetur.“

Í ljósi þessarar tilvitnunar er greinilega þörf á því að gera nemendum grein fyrir því að þeir geta haft áhrif á sitt nám.

Fram kom í rýnihópi foreldra að þeir þekktu námsvísana ekki nógu vel: „Finnst ekki allt standa. Finn ramma á haustin en finnst vanta sýnilegar áætlanir fyrir veturinn“.

Valgreinar eru hluti af skyldunámi í þremur elstu bekkjum grunnskólans. Í skólafélagi sveitarfélagsins Skagastrandar stendur að bjóða skuli fjölbreyttar valgreinar sem tengja nám, atvinnulíf og samfélag. Í fámennari grunnskólum er oft erfitt að bjóða nemendum upp á fjölbreytt val og fer fjölbreytni í vali oft saman við fjölbreytni atvinnulífs í hverju sveitarfélagi fyrir sig eða í nágrenni. Í aðalnámskrá 2011 gerir viðmiðunarstundaskrá ráð fyrir að um 20% af vikulegum kennslustundum nemenda í þremur elstu árgöngunum séu valgreinar og að allt að helmingur valstunda sé bundinn list- og verk tengdu námi.

Í Höfðaskóla er boðið upp á nokkuð fjölbreytt val miðað við stærð skóla. Valgreinastundir í þremur elstu bekkjum skólans eru sex á viku, sem er líðlega 16% af vikulegum kennslustundafjölda nemenda. Viðmiðunarstundaskrá gerir einnig ráð fyrir kennslustundum í yngri bekkjum hvers skóla og kallast þær ráðstöfunarstundir/val í viðmiðunarstundaskránni. Í Höfðaskóla eru þessar stundir vel nýttar í margskonar smiðjur þar sem nemendur hafa fjölbreytt val um verkefni eftir áhugasviði.

Styrkleikar

- Aðstaða til náms í Höfðaskóla er nokkuð góð.
- Bekkjarnámskrár sýna stigvaxandi kröfur í námi og gott samhengi milli árganga.
- Boðið upp á fjölbreyttar valgreinar miðað við stærð skóla.
- Smiðjur í yngri bekkjum eru áhugaverður þáttur í skólastarfinu.

Tækifæri til umbóta

- Auka tæknibúnað til að nota við kennslu, s.s. skjávarpa í stofur og tölvubúnað fyrir nemendur.
- Auka hlut valgreinar á unglíngastigi svo þær séu a.m.k. 20% af námstíma nemenda.
- Stjórnendur og kennarar haldi áfram að þróa smíðjur yngri bekkja í þá átt að nemandinn samþætti þekkingu sína og leikni og tengi hana daglegu lífi, áhugamálum og samskiptum við annað fólk.

Kennsluhættir og gæði kennslu

Fagmennska, sérfræði og menntastefna endurspeglast í störfum kennara og skipulagi. Námseiningar og kennslustundir eru vel skipulagðar og tími nemenda vel nýttur á flestum sviðum. Nemendur vinna að heildstæðum verkefnum og nokkuð er um samþættingu námsgreina, s.s. trúarbragðafræði og heimilisfræði, samfélagsfræði, náttúrufræði og íslensku á unglíngastigi, og tölvu- og upplýsingatækni, íslensku og samfélagsfræði, svo nokkuð sé nefnt. Námsmat og endurgjöf eru markviss og leiða til framfara og árangurs nemenda.

Námsumhverfi er vel nýtt innanhúss og utan og samstarf við listasmiðju auðgar skólasterfið. Í 14 kennslustundum af 22 sem skoðaðar voru á vettvangi var um einstaklingskennslu að ræða, samvinnuverkefni var í einni stund en hinar voru blandaðar þannig að hluti stundanna var einstaklingsvinna en hluti samstarf.

Nefna má verkefnið Lífsstíll/heilsufræði, val í 8. – 10. bekk, þar sem 23 af 27 nemendum völdu verkefnið. Verkefnið snýr að heilbrigði og velferð þar sem um er að ræða samstarf heimilisfræði- og íþróttakennara og eru kenndar 80 mínútur á viku allt skólaárið. Þetta verkefni er öðrum til eftirbreytni og því æskilegt að um það sé fjallað á heimasíðu skólans.

Eftirfarandi kom fram í rýnihópi nemenda: *framkoma kennara er - ágæt,fin, já. Þeir skýra oftast vel út, oftast góð kennsla. Já þeir eru góðir í því sem þeir kenna. Það skemmtilegasta í skólanum er stærðfræði, íþróttir (nefndu þrír), smíðar, list- og verkgreinar. Já kannski erum við duglegust í þessu líka. Best að læra með tónlist í eyrunum en það fáum við ekki að gera.*

Styrkleikar

- Samþætting námsgreina.
- Í því að kennarar virðast ná til nemenda felst sóknarfæri fyrir skólann.
- Námseiningar og kennslustundir eru vel skipulagðar og tími nemenda vel nýttur á flestum sviðum.

Tækifæri til umbóta

- Huga má að því að efla umræður og skoðanaskipti milli kennara og nemenda í námi og kennslu.
- Huga að meiri samvinnu nemenda í kennslustundum.
- Efla enn frekar samþættingu námsgreina og einnig þvert á aldursstig.

Námshættir og námsvitund

Nemendur eru áhugasamir um nám sitt. Leitað er eftir hæfileikum hvers og eins og þeim gert kleift að skilja og meta eigið ágæti. Leitast er við að nemendur vinni að markmiðum náms með fjölbreyttum leiðum. Nemendur í rýnihópi sögðu að flestir væru að vinna að sömu verkefnum í tímum: *„Allir á sömu blaðsíðu, ekki kannski alveg hjá okkur – við bara. Þeir sem eru fljótir að læra fá, þeir fá annað verkefni“*. Nemendur gera sér grein fyrir hvornig þeir vilja hafa eigin námsaðstæður og nefna dæmi um að stundum sé ekki góður vinnufriður. *„Best að læra með tónlist í eyrum, fáum ekki að gera það“*.

Fram kom í viðtölum við nemendur að þeir fái oftast en ekki krefjandi verkefni. „Já, hæfilegt, stundum kannski aðeins léttara. Það fer mjög mikið eftir hver er að gera, eins og þú veist. Ekki allir á sama stigi, stundum allt of létt fyrir suma og svo erfitt fyrir aðra“.

Í vettvangsathugunum sáust fá dæmi um að nemendur hefðu val í námi eða námsaðferðum og upplýsingatækni var lítið notuð í námi í þeim kennslustundum sem metnar voru. Í rýnihópi nemenda kom fram að nemendur fá stundum að velja en oftast ræður kennarinn.

Styrkleikar

- Nemendur eru áhugasamir um nám sitt.
- Nemendur eru meðvitaðir um styrkleika sína og þarfir í námi.

Tækifæri til umbóta

- Efla möguleika nemenda á að velja í námi, bæði verkefni og aðferðir.
- Auka notkun upplýsingatækni í námi og kennslu.

Þátttaka og ábyrgð nemenda

Lýðræðisleg vinnubrögð

Jákvæður andi samstarfs og virðingar ríkir í Höfðaskóla. Nemendur þekkja verklag um það hvernig þeir geta komið sjónarmiðum sínum á framfæri. Nokkuð vantar á að leitað sé eftir sjónarmiðum allra nemenda um námsumhverfi og námstilhögun en tillit virðist tekið til skoðana nemenda þegar um félagslegar aðstæður þeirra er að ræða og þar geta þeir haft áhrif á gang mála.

Nemendur fá þjálfun í að koma skoðunum sínum á framfæri á bekkjarfundum og á vettvangi nemendafélagsins. Tryggja þarf að ákvarðanir og hugmyndir nemenda í ráðum séu öðrum nemendum aðgengilegar.

Fram kom í viðtölum við kennara að nemendur Höfðaskóla væru mjög meðvitaðir um lýðræðisleg vinnubrögð og að þeir gætu sett fram skoðanir sínar og að tillit væri tekið til skoðana þeirra.

Skólaráðið í Höfðaskóla starfaði ekki framan af skólaárinu 2013-2014 en fyrsti fundur ráðsins eftir hlé var 6. febrúar 2014 og þar eiga nemendur sína fulltrúa.

Styrkleikar

- Jákvæður andi samstarfs og virðingar ríkir í Höfðaskóla.
- Nemendur geta komið sjónarmiðum sínum á framfæri á bekkjarfundum og í nemendaráði.
- Nemendur Höfðaskóla eru vel meðvitaðir um lýðræðisleg vinnubrögð og kunna að setja fram skoðanir sínar.

Tækifæri til umbóta

- Leita leiða til að nemendur finni að tekið sé tillit til sjónarmiða þeirra um námsumhverfi og námstilhögun.
- Hvetja nemendur til að koma skoðunum sínum á framfæri í skólaráði.
- Tryggja að ákvarðanir og hugmyndir nemenda í ráðum séu öllum nemendum aðgengilegar.

Ábyrgð og þátttaka

Nemendur koma að öllu jöfnu vel fram og taka tillit til annarra. Nemendur þekkja í flestum tilvikum markmið smærri verkefna og kennslustunda. Heildarmarkmið eru nemendum ekki vel ljós og í viðtölum við þá kom fram að þeir nýta sér almennt ekki námsvísa eða bekkjarnámskrár. Markmið náms eru ekki sýnileg nemendum og foreldrum og í vettvangsathugunum var ekki séð að kennarar hvettu eða kenndu nemendum að setja sér markmið í námi sínu.

Þegar nemendur voru spurðir í rýnihópi hvort þeir læsu námsvísana voru þeir sammála um að það gerðu þeir ekki nema í undantekningartilvikum. Þegar þátttakendur í rýnihópnum voru spurðir hvort þeir færu inn á heimasíðu skólans svöruðu þeir: „*Heimasíðan eldri en alþingislögin – kóngsvegur*“.

Styrkleikar

- Nemendur koma að öllu jöfnu vel fram og taka tillit til annarra.
- Nemendur þekkja markmið smærri verkefna og kennslustunda.

Tækifæri til umbóta

- Kenna nemendum að setja sér markmið í námi og hvetja þá til þess.

Námsaðlögun

Nám við hæfi allra nemenda

Í Höfðaskóla, sem er skóli án aðgreiningar, ríkja viðhorf sem einkennast af virðingu fyrir rétti allra nemenda til virkrar þátttöku í námssamfélagi skólans, óháð atgervi þeirra og stöðu. Námsþörfum nemenda virðist mætt á fjölbreyttan hátt og allir nemendur taka virkan þátt. Vandlega þarf að gæta að því að áhugi og hæfileikar nemenda endurspeglast í viðfangsefnum þeirra.

Þegar spurt var í rýnihópi foreldra hvort skólinn legði áherslu á skóla án aðgreiningar var svarið: „*Ekki reynt á það. Það væri hægt að gera betur, bæði félagslega og námslega, að koma á betri þjónustu, frekar afgreitt að þetta sé ekki hægt*“.

Í rýnihópaviðtölum voru kennarar og starfsfólk skólans sammála um að skólinn væri skóli án aðgreiningar, allir væru jafnir og reynt væri að koma til móts við hvern og einn á hans eigin forsendum.

Styrkleikar

- Höfðaskóli er skóli án aðgreiningar.
- Námsþörfum nemenda er mætt á fjölbreyttan hátt.
- Nemendur eru virkjaðir til virkrar þátttöku í námssamfélagi skólans, óháð atgervi þeirra og stöðu.

Tækifæri til umbóta

- Að áhugi og hæfileikar nemenda endurspeglast meira í viðfangsefnum þeirra.

Stuðningur við nám

Fylgst er með og brugðist við þörfum nemenda. Lögð er áhersla á snemmtæka íhlutun og lagðar fyrir kannanir og skimanir til að finna þá nemendur sem þurfa á stuðningi að halda. Ábyrgð á stuðningi við nemendur er í höndum fagmenntaðs kennara. Stefna skólans er að sem mest af stuðningi og sérkennslu fari fram inni í bekk. Gerð er einstaklingsnámskrá fyrir nær alla nemendur sem fá sérstakan stuðning í námi. Í flestum tilvikum eru það umsjónarkennari viðkomandi nemanda og verkefnisstjóri sérkennslu sem gera drög að einstaklingsnámskrá. Foreldrar geta síðan komið með sínar athugasemdir og einstaklingsnámskráin er þá lagfærð í samræmi við það, ef tilefni er til. Árangur stuðnings er metinn og hann endurskipulagður ef þarf.

Námsmat er einnig lagað að þörfum nemenda. Sérkennarar og önnur stoðþjónusta skólans veita starfsfólki, foreldrum og nemendum góðan stuðning og ráð til að mæta námsþörfum nemenda. Almennt er reynt að koma til móts við bráðgera nemendur en stundum gleymast þessir nemendur. Kennarar bráðgerðra nemenda eiga þess kost að fá ráð hjá verkefnisstjóra sérkennslu. Bráðgerir nemendur á unglíngastigi eiga kost á að taka framhaldsskólaáfangu í einhverjum fögum, eftir því hvar geta þeirra og hæfileikar liggja.

Styrkleikar

- Fylgst er með og brugðist við þörfum nemenda.
- Lögð er áhersla á snemmtæka íhlutun.
- Fagmenntaður kennari ber ábyrgð á stuðningi við nemendur.

Tækifæri til umbóta

- Birta áætlanir um skimanir á heimasíðu skólans og setja fram viðmið um hvenær og hvernig eigi að bregðast við ef þurfa þykir.

Svið III – Innra mat

Í skólustefnu sveitarfélagsins Skagastrandar segir að aukið samstarf skólastiga og mat á skólustarfi nýtist til að tryggja þróun og umbætur. Í skólustefnunni segir m.a. um mat á skólustarfi: „...nota innra og ytra mat til að greina, meta og þróa starf skólanna.“

Í skólanámskrá er ekki að finna gildandi langtímaáætlun um innra mat skólans, eins og gert er ráð fyrir í aðalnámskrá en þar segir: „Í vinnu við innra mat skal gerð grein fyrir tengslum við þau markmið sem sett eru fram í skólanámskrá. Í starfsáætlun skólans fyrir hvert skólaár kemur síðan fram hvaða þættir eru viðfangsefni innra mats.“

Í skólanámskrá Höfðaskóla 2011-2012 kemur fram að ákveðið hafi verið að nota Skólapúlsinn við innra mat. Spurningalistar hafa verið lagðir fyrir í Skólapúlsinum frá skólaárinu 2011-2012. Einnig leggur skólinn fyrir kannanir í tengslum við Olweusaráætlun og nýtir niðurstöður úr starfsmannaviðtölum og tengslakönnunum. Innra mat kemur einnig fram í frammistöðumati Mentor.

Framkvæmd innra mats

Innra mat er kerfisbundið og samofið daglegu skólustarfi

Í skólanámskrá 2012-2013 kemur fram að matshópur, sem skipaður er þremur kennurum og skólustjóra, ber ábyrgð á innra mati í skólanum. Í skólanámskrá er að finna langtímaáætlun frá 2008-2011 um innra mat en ekki er hægt að ráða af henni að allir helstu þættir skólustarfsins hafi verið metnir.

Mat á fagmennsku kennara er ekki reglubundið, að sögn skólustjóra, en innra mat er hluti af daglegu starfi skólustjórnenda, kennara og annarra starfsmanna. Mat á námi, framförum og árangri nemenda fer fram með reglulegum hætti, sbr. námsvísa sem finna má í starfsáætlun skólans. Kennarar skólans hafa fjallað um ákveðna þætti skólustarfsins á kennarafundum og notast þá við aðferðir *Gæðagreinis*.

Miklum gögnum er safnað við innra matið í Höfðaskóla, m.a. með umfangsmiklum spurningalistum og könnunum. Ekki er ljóst hvort þessi mikla vinna skilar tilætluðum árangri, þ.e. hvort markmiðum hafi verið náð í öllu sem metið er.

Styrkleikar

- Matshópur er starfandi við skólann.
- Mat á líðan, námi, framförum og árangri nemenda er reglulegt.

Tækifæri til umbóta

- Finna leiðir til að meta kennslu og fagmennsku kennara reglulega.
- Vinna langtímaáætlun til 3-5 ára um innra mat í Höfðaskóla og birti hana í skólanámskrá.
- Matshópur geri framkvæmdaáætlun um innra matið fyrir hvert skólaár með hliðsjón af langtímaáætlun og birti hana í starfsáætlun.

Innra mat er markmiðsbundið

Í skólanámskránni er að finna áætlun um framkvæmd innra mats í skólanum frá skólaárinu 2012-13. Ekki verður sé að skólinn noti innra matið kerfisbundið til að meta hvort og að hve miklu leyti markmiðum hefur verið náð. Matið er formlegt leiðsagnarmat, þ.e. aðalmarkmið þess er að finna veigar og sterkar hliðar skólustarfsins, frekar en að meta markmið.

Innra matið metur leiðir sem farnar eru til að ná markmiðum. Ekki er að finna viðmið um árangur sem stefnt er að í sjálfsmatsáætlun eða sjálfsmatsskýrslum. Ef skólinn mælist 0,5 lægri en meðaltal í Skólapúlsinum á að skoða sérstaklega hvaða aðgerða hægt er að grípa til. Í greinargerðum um innra mat er ekki fjallað um að hve miklu leyti markmið hafa náðst.

Styrkleikar

- Upplýsinga er aflað um mjög marga þætti skólastarfsins.
- Í innra mati er leitað að veikum og sterkum hliðum í skólastarfinu og brugðist við ef þörf er á.

Tækifæri til umbóta

- Afmarka viðfangsefni innra mats hvert ár við ákveðna þætti skólastarfsins.
- Skilgreina viðmið um hvert markmið.
- Fjalla um og birta á heimasíðu að hve miklu leyti markmið hafa náðst.

Innra mat byggir á traustum og fjölbreyttum upplýsingum

Við öflun gagna er reynt að nota aðferðir sem hæfa viðfangsefni hverju sinni. Val aðferða ræðst af viðfangsefninu en nokkuð vantar á að valið sé kerfisbundið. Í innra mati er unnið með niðurstöður úr ytra mati, s.s. samræmdum prófum. Eins og fram hefur komið er miklum gögnum safnað um skólastarfið og aðferðir við gagnaöflun eru nokkuð fjölbreyttar.

Styrkleikar

- Gagna er aflað með aðferðum er hæfa viðfangsefnum.
- Skólinn nýtir niðurstöður úr ytra mati í innra mat sitt.

Tækifæri til umbóta

- Tryggja að aðferðir við öflun gagna séu fjölbreyttar.

Innra mat er samstarfsmiðað og byggir á lýðræðislegum vinnubrögðum

Kennarar eru virkir þátttakendur í samræðum um áherslur og forgangsröðun í innra mati og eiga aðild að skipulagi og framkvæmd þess í gegnum matshópinn. Fram kom í rýnihópi skólaráðs að ekki er ljóst hvort áherslur og forgangsröðun í innra mati hafi verið bornar undir ráðið, enda langt síðan ráðið hefur fundað. Annað starfsfólk og nemendur hafa litla, en óformlega, aðkomu að innra mati. Við þróun og umbætur í kjölfar innra mats eru það fyrst og fremst kennarar sem eru virkir þátttakendur í gegnum matshóp.

Hugmyndir að umbótum eru kynntar og ræddar á starfsmannafundum og umbætur mótaðar að loknum þeim umræðum. Þegar gagna er aflað er leitað eftir sjónarmiðum allra helstu hagsmunaaðila, eftir því sem við á. Hafa ber í huga að það eru einungis kennarar í matshópi, starf í skólaráði hefur legið niðri um tíma og fram kom í rýnihópi nemenda að þeir mundu ekki eftir að hafa komið að umræðum um umbætur. Leitast er við að vinna umbætur og þróunarstarf í samvinnu við hagsmunaaðila, að sögn skólastjóra.

Styrkleikar

- Hugmyndir að umbótum eru kynntar og ræddar á starfsmannafundum og umbætur mótaðar að loknum þeim umræðum.

Tækifæri til umbóta

- Virkja alla hagsmunaaðila í matshóp sem hefur áhrif á áherslur, forgangsröðun og framkvæmd mats og tekur þátt í umræðum um niðurstöður.

Umbótastarf í kjölfar innra mats

Innra mat er opinbert

Á heimasíðu er að finna eldri sjálfsmatsskýrslur, svo sem langtímaáætlun um innra mat skólans frá 2008-2011. Sjálfsmatsskýrsla fyrir skólaárið 2012-2013 liggur fyrir en hún er ekki aðgengileg á heimasíðu. Umbótaáætlun fyrir skólaárið 2013-2014 liggur ekki fyrir.

Í sjálfsmatsskýrslu frá 2012-2013 eru settar fram hugmyndir að umbótum en þær uppfylla ekki þær kröfur sem gerðar eru til formlegrar umbótaáætlunar.

Niðurstöður innra mats eru formlega kynntar starfsmönnum á starfsmannafundum og foreldrum eru kynntar niðurstöður úr Olweusarkönnunum.

Styrkleikar

- Sjálfsmatsskýrsla fyrir skólaárið 2012-2013 liggur fyrir.
- Niðurstöður innra mats eru kynntar á starfsmannafundum og niðurstöður Olweusarkönnunar kynntar foreldrum.

Tækifæri til umbóta

- Tryggja að niðurstöður úr innra mati séu kynntar fyrir öllum hagsmunaaðilum.
- Birta niðurstöður úr innra mati á heimasíðu skólans.

Innra mat er umbótamiðað

Um umbætur í kjölfar innra mats segir í aðalnámskrá: „Skóli birtir opinberlega upplýsingar um niðurstöður innra mats og áætlanir um umbætur.“

Sjálfsmatsskýrsla Höfðaskóla frá skólaárinu 2012-2013 kemur ekki í stað umbótaáætlunar og skýrsluna er ekki að finna á heimasíðu skólans. Í skýrslunni er ekki að finna tímasetta umbótaáætlun og umbætur hafa ekki verið bornar undir skólaráðið, þar sem það hefur ekki verið starfandi um hríð.

Umbótum sem settar eru fram í sjálfsmatsskýrslu Höfðaskóla er fylgt eftir. Viðmælendur í rýnihópum nefndu dæmi um þætti úr innra mati sem fylgt hefur verið eftir með umbótum. Öllum aðilum skólasamfélagsins finnst innra matið gagnlegt og geta nefnt dæmi um umbætur sem gerðar hafa verið í kjölfar þess. Sem dæmi má nefna verkefnið „Stelpustúss“ en í könnunum kom fram að samskipti stúlkna á miðstigi í skólanum voru ekki ásættanleg. Gripið var til þess ráðs að fá utanaðkomandi aðila með í að vinna markvisst að því að bæta úr því og stendur sú vinna yfir.

Styrkleikar

- Öllum aðilum skólasamfélagsins finnst innra matið gagnlegt.

Tækifæri til umbóta

- Gera tímasetta umbótaáætlun með viðmiðum og ábyrgðaraðilum.
- Tilgreina hvenær og hvernig á að meta árangur úrbóta.
- Leggja umbótaáætlun formlega fyrir skólaráð.
- Birta opinberlega upplýsingar um niðurstöður innra mats, áætlanir um umbætur og sjálfsmatsskýrslur.

Svið IV – Lestur

Sveitarstjórn Skagastrandar og skólastjóri Höfðaskóla óskuðu eftir mati á lestri sem fjórða þætti ytra matsins. Hafa ber í huga að viðmið um fjórða þátt þessa mats hafa ekki farið til umsagnar og endurskoðunar líkt og önnur viðmið sem notuð eru við ytra matið. Þessi viðmið eru unnin með skömmum fyrirvara þar sem ósk skóla og sveitarfélags um matsþátt lá fyrst fyrir stuttu áður en matið hófst.

Læsi er einn af grunnþáttum menntunar, samkvæmt almennum hluta aðalnámskrá grunnskóla frá 2011. Hugtakið læsi er víðtækt og felur ekki eingöngu í sér tæknilega færni, þ.e. að geta lesið og ritað. Meginmarkmið læsis er að nemendur séu virkir þátttakendur í að umskapa og umskrifa heiminn með því að skapa eigin merkingu og bregðast á persónulegan og skapandi hátt við því sem þeir lesa með hjálp þeirra miðla og tækni sem völ er á.

Í greinanámskrá íslensku í aðalnámskrá grunnskóla frá 2013 segir að traust læsi felist meðal annars í hæfni til að geta ráðið í letur, skilið og túlkað það sem texti hefur að geyma, lært af því og getað miðlað þekkingu sinni til viðmælanda eða lesenda. Lögð er áhersla á að texti sé fjölbreytilegur, að nemendur geti lesið af fjölbreyttum miðlum og með gagnrýnum huga. Lesandinn þarf að ráða yfir ýmsum leiðum til skilnings og túlkunar. Þar er lögð áhersla á stigvaxandi sjálfstæði við val á lesefni tengt námi, þörf og áhuga. Námskráin ítrekar mikilvægi snemmtæktrar íhlutunar og að leita þurfi allra leiða til þess að bæta stöðu þeirra nemenda sem af einhverjum ástæðum gengur illa að læra að lesa.

Viðmið um lestur eru sett fram í ljósi námskrárinnar og vísbendingar skoðaðar samhliða mati á öðrum þáttum ytra matsins. Undir viðmiðum um lestur eru sex þættir metnir: Stefnumörkun, Samvinna heimila og skóla í lestri, Námið við hæfi hvers og eins, Lesfimi og lesskilningur, Markmiðssetning og námsmat og Árangur nemenda. Gagna var aflað í rýnihópum og með viðtali við verkefnisstjóra sérkennslum auk þess sem lesskilningspróf voru lögð fyrir alla nemendur í 4.-7. bekk og árangur í lestri í samræmdum prófum var athugaður. Þá voru niðurstöður úr lestrarprófum skólans einnig skoðaðar.

Við matið á lestri var stuðst við eftirfarandi viðmið um gæðastarf:

Lögð er áhersla á læsi² og lestur með það að markmiði að nemendur öðlist þá hæfni að geta ráðið í letur, skilið og túlkað það sem texti hefur að geyma, lært af því og geta miðlað þekkingu sinni til viðmælanda eða lesanda. Nemendur öðlast reynslu af lestri fjölbreytts texta og lestri af fjölbreyttum miðlum. Þeir læra og geta beitt aðferðum við lestur og skilning og velja sér lesefni í tengslum við nám og áhuga.

Lestur og lestrar nám í Höfðaskóla fer fyrst og fremst fram í 1.-6. bekk þar sem áhersla er á lestækni, lesfimi og lesskilning með það að markmiði að efla læsi almennt. Fylgst er markvisst með árangri skólans og nemenda og brugðist við með sértækum aðferðum, sé talin þörf á. Séð er til þess að nemendur sem eiga erfitt með lestur fái tækifæri til náms þar sem leitað er fjölbreyttra leiða til að leysa vandann.

Stefnumörkun

Lögð er áhersla á lestur alla skólagönguna en þó fyrst og fremst í sex yngstu árgöngunum. Á unglíngastigi snýst lestur einkum um læsi og lestur í einstökum námsgreinum. Framburður er sérstaklega æfður í 5.-7. bekk í kringum Stóru upplestrarkeppnina sem allir í þessum árgöngum taka þátt í en einnig í sambandi við árshátíð og svokallaðan Elínborgardag sem haldinn er árlega á Degi íslenskrar tungu.

Á yngsta stigi er verkefnið Byrjendalæsi nýtt sem lestrarstefna og aðferð við lestrar kennslu og ákveðið hefur verið að taka upp verkefnið Orð af orði næsta skólaár sem framhald á Byrjendalæsi. Það hefur þó ekki verið unnið í beinum tengslum við Háskólann á Akureyri, sem hefur umsjón með Byrjendalæsi, þannig að ekki fæst samanburður við árangur annarra skóla.

Árangur nemenda í Höfðaskóla í lestri síðastliðin sex ár hefur verið aðeins undir landsmeðaltali og til að bregðast við því hefur skólinn þessu til viðbótar tekið upp PALS aðferðina til að örva lestur á miðstigi. Markmiðið er að byggja upp færni nemenda í lestri og lesskilningi með æfingum sem þeir vinna í 30-45 mínútur í senn, þrisvar sinnum í viku. Kennarar á yngsta stigi hafa farið á námskeið til að læra K-PALS sem er aðlagð að 1. bekk. Niðurstöður samræmdra prófa og annarra prófa eru nýttar á leiðbeinandi hátt til þróunar og eflingar kennslu.

² Læsi felur í sér að geta skilið, notað og metið skrifaðan texta í þeim tilgangi að ná ákveðnum markmiðum, öðlast skilning, nýta möguleika sína og taka þátt í samfélaginu (Skilgreining PISA rannsókna, OECD 2003).

Í hverri viku fá nemendur í 1.-4. bekk eina kennslustund á bókasafni þar sem lesið er fyrir þau og farið í orðskýringar og orðaskilning. Aðgengi að bókasafni er mjög gott að mati allra í rýnihópum. Frjálslestrarbækur eru nýttar til heimanáms og auk þess lesa nemendur oft í frjálslestrarbókum fyrstu 10 mínúturnar á morgnana þegar nemendur eru hjá sínum umsjónarkennara.

Á hverjum vetri er haldin svokölluð Skammdegisvika þar sem allir nemendur skólans nýta fyrstu tvær kennslustundir í lestur, fyrri stundina í frjálsan lestur og þá síðari er lesið upphátt fyrir þá. Gjarnan er reynt að gera þessar stundir sem notalegastar, t.d. með því að nemendur mega koma með teppi og púða og koma sér þannig vel fyrir. Þá hafa skáld komið í heimsókn í skólann til að lesa upphátt fyrir nemendur.

Unglingar æfa framburð, t.d. með því að lesa ljóð upphátt fyrir allan bekkinn og túlka stutt leikverk með upplestri.

Styrkleikar

- Lestrarstefnan *Byrjendalæsi* er notuð á yngsta stigi í 1.-4. bekk.
- Hvatt er til lestrar með ýmsum viðburðum og í öllum árgöngum.
- Brugðist er við niðurstöðum ytra mats og reynt að finna árangursríkar lausnir.

Tækifæri til umbóta

- Vinna að heilsteyptri lestrarstefnu fyrir alla árganga skólans í tengslum við nýja aðalnámskrá með hugtökum sem tengjast henni, s.s. hæfniviðmiðum og lykilhæfni.

Samvinna heimila og skóla í lestri

Stefna skólans í lestrarkennslu er kynnt fyrir foreldrum á námskynningum að hausti og þegar *Byrjendalæsi* var tekið upp var haldinn sérstakur fundur fyrir foreldra. Foreldrar fá einnig kynningu á heimanámi á námskynningum en í rýnihópi foreldra kom fram að mikil áhersla er á lestrarþjálfun heima. Jafnframt kom fram að foreldrum er sagt frá því þegar lestrarátak er framundan eða upplestrarkeppni. Hins vegar hefur PALS-aðferðin ekki verið sérstaklega kynnt foreldrum.

Einstaklingsnámskrár í lestri fyrir nemendur með sérþarfir eru gerðar í samvinnu við foreldra.

Styrkleikar

- Einstaklingsnámskrár í lestri eru gerðar í samvinnu við foreldra.
- Á námskynningum að hausti fá foreldrar upplýsingar um lestrarstefnu skólans.
- Mikil áhersla er á lestrarþjálfun heima og samvinnu heimila og skóla um lestrarnám.

Tækifæri til umbóta

- Kynna *Byrjendalæsi* og *PALS* fyrir foreldrum.

Nám við hæfi hvers og eins

Leitast er við að mæta þörfum nemenda með lestrarerfiðleika með snemmtækri íhlutun. Ekki sáust mörg dæmi um að nám væri aðlagað að þörfum hvers og eins í þeim kennslustundum sem metnar voru, oftast voru allir nemendur í kennslustundinni að vinna svipað verkefni á sama hátt. Þegar unnið var með frjálslestrarbækur völdu nemendur sér hins vegar sjálfir lesefni og fengu ráðleggingar kennara og annarra um þyngd þess.

Almennt var lítið um að unnið væri með upplýsingatækni eða aðra miðla en ritmiðla við nám og kennslu í þeim stundum sem metnar voru. Í tveimur kennslustundum voru allir nemendur að vinna í tölvu og upplýsingatækni og notkun annarra miðla en ritmiðla sást einnig í kennslustundum í sérkennslu þar sem unnið var með einn nemanda. Nemendur í rýnihópi töldu sig fá nám við hæfi og mátulega krefjandi.

Hljóðbækur voru ekki sýnilegar en í viðtölum kom fram að þær eru eitthvað notaðar, a.m.k. fyrir nemendur með sérstakar þarfir.

Styrkleikar

- Fylgst er með árangri nemenda og brugðist við þegar talin er þörf á stuðningi.
- Nemendur fá viðfangsefni í lestri í samræmi við þroska, hæfileika og áhugamál.

Tækifæri til umbóta

- Efla þarf lestur og læsi af fjölbreyttum miðlum.
- Auka námsaðlögun í tengslum við lestur og læsi.

Markmiðssetning og námsmat

Námsmat í lestri er reglulegt og lesskimunar- og lesskilningspróf eru notuð til að kanna færni nemenda og framfarir. Skimunarprófum er markvisst fylgt eftir. Námsmat nær til ólíkra þátta læsis. Brugðist er við lestrarerfiðleikum og unnið sérstaklega með nemendum þar sem fram koma erfiðleikar.

Skráð er hvaða matstæki eru notuð við mat á lestrarfærni og hvenær er metið. Einnig eru skráð viðmið um lestrarhraða eftir bekkjum. Ekki eru skráð viðbrögð eða leiðir til úrbóta ef viðmiðum er ekki náð.

Almennt setja nemendur sér ekki markmið í lestrarnáminu að því er fram kom í rýnihópi nemenda. Í Byrjendalæsi eru sett skýr markmið um lestrarkennslu og á heimasíðu skólans eru birt markmið fyrir fjóra yngstu árgangana.

Nemendur á miðstigi segjast reglulega fara á bókasafn, m.a. til að leita heimilda en í unglingsdeild nýta nemendur meira tölvutækni, að því er fram kom í rýnihópi.

Styrkleikar

- Vel er fylgst með árangri nemenda í lestri.
- Brugðist er við ef nemendur ná ekki tilskildum árangri.
- Námsmat í lestri nær til ólíkra þátta læsis.

Tækifæri til umbóta

- Kynna nemendum lestrarmarkmið og hæfniviðmið sem stefnt er að og vinna að því að nemendur setji sér eigin markmið.
- Skrá hvernig bregðast skuli við ef tilskildum árangri er ekki náð.

Lesfimi og lesskilningur

Bókasafn skólans er öllum aðgengilegt og er með fjölbreytt lesefni sem nemendur nýta. Nemendur fá fjölbreytta þjálfun í lestri, að sögn nemenda í rýnihópi. Í vettvangsathugunum sáust þó fá dæmi um að nemendur fengju þjálfun í að nýta læsi á ólíka miðla við námið.

Nemendur á miðstigi fá þjálfun í framsögn í sambandi við Stóru upplestrarkeppnina sem allir nemendur í 5.-7. bekk taka þátt í. Þá er einnig þjálfuð framsögn á Elínborgardeginum á Degi íslenskrar tungu. Nemendur á unglingsstigi fá reglulega þjálfun í að flytja ljóð og stutt leikverk en ekki er um beina lestrarþjálfun að ræða á unglingsstigi að öðru leyti.

Við matið á fjórða matsþættinum, lestri, var lesskilningur nemenda í 4., 5., 6. og 7. bekk kannaður með stöðuprófi sem er hluti af *Leið til læsis*. Það er heitið á stuðningskerfi í lestrarkennslu en prófin sem því fylgja eru í stöðlun hjá Námsmatsstofnun. Þegar prófið var lagt fyrir voru fjórir af tíu nemendum 4. bekkjar veikir þannig að þátttakan var 60%. Í 5. bekk var þátttakan 100%, 89% í 6. bekk og 85% nemenda í 7. bekk tók prófið.

Bekkur	Meðalgeta (meðalgeta jafnaldra er 30)	Fjöldi	Staðalfrávik
4.	22,6	8	9,1
5.	30,8	12	5,9
6.	26,6	8	8,9
7.	26,7	11	11,0

Nemendur í 4. bekk Höfðaskóla standa sig mun verr en samanburðarhópur jafnaldra við úrlausn prófsins. 5. bekkingar sýna árangur á lesskilningsprófinu sem er álíka og samanburðarhópsins en árangur nemenda í 6. og 7. bekk er undir árangri samanburðarhópsins.

Kunnátta nemenda í Höfðaskóla í lestri var einnig athuguð með því að skoða árangur í lestri á samræmdum könnunarprófum síðastliðin sjö ár. Flest árin hefur skólinn verið undir landsmeðaltali, þó sker árið 2012 sig úr en þá voru allir árgangar sem prófaðir voru (þ.e. 4., 7. og 10. bekkur) um eða yfir landsmeðaltali. Þessar niðurstöður hafa verið skoðaðar vel innan skólans og brugðist hefur verið við með því að taka upp nýjar aðferðir við lestrarkennslu á borð við Byrjendalæsi og PALS, leggja áherslu á heimalestur og gera sérstakt átak í lestri. Árangur slíkrar vinnu kemur þó aldrei strax í ljós, allir aðilar skólasamfélagsins þurfa að taka höndum saman til að ná settu marki og bæta árangur nemenda í Höfðaskóla í lestri.

4. bekkur

Þegar normaldreifð einkunn í lestri á samræmdum prófum síðastliðin sjö er skoðuð er einkunn 4. bekkjar í Höfðaskóla undir meðaleinkunn (30) öll árin, nema 2012 þegar einkunnin var 31 Þátttaka í samræmdum prófum síðastliðin þrjú ár er 100% sem er mjög gott. Meðaleinkunn síðastliðinna sjö ára er 26.

7. bekkur

Þegar normaldreifð einkunn í lestri á samræmdum prófum síðastliðin sjö er skoðuð er einkunn 7. bekkjar í Höfðaskóla undir meðaleinkunn (30) öll árin, nema 2012 þegar einkunnin var 32. Þátttaka hjá 7. bekk er góð, síðastliðin þrjú ár hafa allir nemendur mætt í samræmd próf. Meðaleinkunn síðastliðinna sjö ára er 26.

10. bekkur

Þegar normaldreifð einkunn í lestri á samræmdum prófum síðastliðin sjö er skoðuð er einkunn 10. bekkjar í Höfðaskóla undir meðaleinkunn (30) öll árin, nema 2011 og 2012. Aðeins einn nemandi úr 10. bekk hefur ekki tekið þátt í samræmdum prófum síðustu þrjú ár. Meðaleinkunn síðastliðinna sjö ára er 27.

Styrkleikar

- Nemendur nýta sér fjölbreytt lesefni á bókasafni.
- Brugðist er við niðurstöðum skimana og prófa í lestri.
- Framsögn er þjálfuð með ýmsum hætti á öllum stigum.
- Mikil þátttaka er í samræmdum prófum, töluvert yfir landsmeðaltali.

Tækifæri til umbóta

- Halda áfram að hlúa að lestrarkennslu á öllum aldurstigum á fjölbreyttan hátt.
- Leita leiða til að efla áhuga og árangur í lestrarprófum og í samræmdum könnunarprófum.

Styrkleikar og tækifæri til umbóta

Þessi samantekt styrkleika og tækifæra til umbóta er einungis hluti af því sem fram kemur í lok hvers kafla í skýrslunni, einkum hvað varðar styrkleika. Við gerð umbótaáætlunar þarf skólinn og skólanefnd einnig að taka tillit til þeirra tækifæra til umbóta sem sett eru fram í skýrslunni en eru ekki nefnd hér. Í stórum dráttum má segja að í skólanum fari fram gæðastarf þar sem stuðst er við lög, reglugerðir, aðalnámskrá og annað sem lögum samkvæmt snýr að þeim þáttum skólustarfs sem metnir voru. Styrkur skólans felst ekki síst í því að leitað er leiða til að koma sem best til móts við þarfir hvers einstaklings miðað við getu hans og hæfni. Þá er samþætting í námi eins og *heilsufræðival*, þar sem hugað er að sjálfsstyrkingu, heilbrigði og góðum lífsstíl til fyrirmyndar.

Styrkleikar í stjórnun

Styrkleikar í stjórnun felast meðal annars í því að stefna skólans er skýr og allir hagsmunaaðilar þekkja hana. Gott samstarf er við önnur skólastig og áhersla á samvinnu við grenndarsamfélagið. Skólastjóri leggur áherslu á gæði náms og kennslu og að góð samskipti séu við alla í skólasamfélaginu. Starfsáætlun og skólanámskrá uppfylla að mestu viðmið sem birt eru í aðalnámskrá og endurspegla áherslur í skólastefnu sveitarfélagsins.

Tækifæri til umbóta í stjórnun

- Huga að markvissri endurgjöf til kennara.
- Uppfæra skólanámskrá og starfsáætlun fyrir yfirstandandi skólaár.
- Uppfylla viðmið um árlegan fjölda skóladaga nemenda.
- Virkja skólaráð til starfa og leggja fyrir það allar helstu áætlanir um skólahald og þróun.
- Gera fundargerðir skólaráðs aðgengilegar á heimasíðu.
- Gera símenntunaráætlun þar sem fram koma áherslur skólans og hvernig einstaklingar sækja símenntun.
- Gera móttökuáætlanir fyrir nýja nemendur, nemendur með annað tungumál en íslensku og nemendur með sérþarfir og birta á heimasíðu.
- Samræma og efla upplýsingamiðlun kennara til foreldra í Mentor.
- Teysta samskipti skóla og heimila á alla lund í samvinnu við allt skólasamfélagið.

Styrkleikar í námi og kennslu

Í Höfðaskóla ríkja viðhorf sem einkennast af virðingu fyrir rétti allra nemenda til virkrar þátttöku í námssamfélagi skólans. Kennslustundir eru að mestu vel skipulagðar og tími nemenda vel nýttur. Nokkuð er um samþættingu námsgreina. Í þeim kennslustundum sem skoðaðar voru nýttu nemendur yfirleitt ekki upplýsingatækni í námi. Fylgst er með og brugðist við námsþörfum nemenda og lögð er áhersla á snemmtæka íhlutun Fagmenntaður kennari ber ábyrgð á stuðningi við nemendur. Í Höfðaskóla er boðið upp á nokkuð fjölbreytt val miðað við stærð skóla. Nemendum gefst kostur á að koma sjónarmiðum sínum á framfæri á bekkjarfundum og í nemendaráði.

Tækifæri til umbóta í námi og kennslu

- Leggja þarf áherslu á að uppsetning og inntak skólanámskrár og starfáætlunar sé í samræmi við fyrirmæli í aðalnámskrá frá 2011.
- Efla mætti umræður og skoðanaskipti milli kennara og nemenda í námi og kennslu.
- Auka enn frekar samþættingu námsgreina og einnig þvert á aldursstig.

- Auka val nemenda, bæði hvað varðar verkefni og námsaðferðir.
- Auka notkun upplýsingatækni í námi og kennslu og bæta tæknibúnað í kennslustofum.
- Leita leiða til að nemendur finni að tekið sé tillit til sjónarmiða þeirra um námstilhögun.
- Styðja nemendur til að nýta formlegan vettvang í skólaráði til að koma skoðunum sínum og ábendingum á framfæri.
- Kenna nemendum að setja sér markmið í námi og hvetja þá til þess.
- Hafa áætlanir um skimanir sýnilegar á heimasíðu skólans og setja fram viðmið um hvenær og hvernig eigi að bregðast við ef þurfa þykir.

Styrkleikar í innra mati

Matshópur ber ábyrgð á innra mati í skólanum. Innra mat er hluti af daglegu starfi skólastjórnenda, kennara og annarra starfsmanna. Mat á líðan, námi, framförum og árangri nemenda er reglulegt. Leitast er við að vinna að skólaþróun og umbótum í samvinnu við hagsmunaaðila. Sjálfsmatsskýrsla er til frá skólaárinu 2012-2013. Skólinn nýtir niðurstöður úr ytra mati í innra mat sitt. Öllum aðilum skólasamfélagsins finnst innra matið gagnlegt.

Tækifæri til umbóta í innra mati

- Finna leiðir til að meta kennslu og fagmennsku kennara reglulega.
- Vinna langtímaáætlun til 3-5 ára um innra mat í Höfðaskóla og birta í skólanámskrá.
- Matshópur, með þátttöku allra hagsmunaaðila, geri framkvæmdaáætlun um innra mat fyrir hvert skólaár með hliðsjón af langtímaáætlun og birti í starfsáætlun.
- Viðfangsefni innra mats hvert ár verði afmörkuð við ákveðna þætti skólastarfsins og viðmið skilgreind fyrir hvert markmið.
- Gera tímasetta umbótaáætlun með viðmiðum og skilgreindum ábyrgðaraðilum og leggja formlega fyrir skólaráð.
- Kynna niðurstöður innra mats, umbótaáætlun og sjálfsmatsskýrslur fyrir öllum hagsmunaaðilum og birta opinberlega á heimasíðu.

Styrkleikar varðandi lestur

Við kennslu í lestri er unnið eftir viðurkenndum aðferðum eins og *Byrjendalæsi* og *PALS*. Ýmsir viðburðir í skólanum eru nýttir til að þjálfa lestur, framsögn og tjáningu. Brugðist er við niðurstöðum skimana og prófa í lestri, bæði vegna innra og ytra mats. Einstaklingsnámskrár í lestri fyrir nemendur með sérþarfir eru gerðar í samvinnu við foreldra.

Tækifæri til umbóta

- Vinna að heilsteyptri lestrarstefnu fyrir alla árganga.
- Kynna stefnur skólans í lestri fyrir foreldrum.
- Efla læsi af fjölbreyttum miðlum.
- Halda áfram að hlúa að lestrarkennslu á fjölbreyttan hátt, m.a. til að bæta árangur á samræmdum könnunarprófum.

Frekari greining fyrir Höfðaskóla

Tafla 1 sýnir niðurstöður á þeim þáttum sem til skoðunar voru í ytra mati á grunnskólum.

Litirnir sem notaður er í töflunni standa fyrir eftirfarandi kvarða:


- D → 1,0 – 1,5 = rautt – mikil umbótaþörf á flestum eða öllum þáttum. Óviðunandi verklag, uppfyllir ekki viðmið um gæðastarf á mörgum mikilvægum þáttum.
- C → 1,6 – 2,5 = gult – meiri veikleikar en styrkleikar. Viðunandi verklag, uppfyllir viðmið um gæðastarf að mörgu leyti, einhverjir mikilvægir þættir sem þarfnast úrbóta.
- B → 2,6 – 3,5 = ljósgrænt - meiri styrkleikar en veikleikar. Gott verklag, flestir þættir í samræmi við lýsingu á gæðastarfi.
- A → 3,6 – 4 = grænt – flestir eða allir þættir sterkir. Mjög gott verklag sem samræmist fyllilega lýsingu um gæðastarf.

Stjórnun			Nám og kennsla			Innra mat	
Fagleg forysta	Stefnumótun og skipulag	Samskipti heimila og skóla	Nám og námsaðstæður	Þáttt. og ábyrgð nemenda	Náms aðlögun	Framkvæmd innra mats	Umbótastarf í kjölfar innra mats
Stjórnandinn sem leiðtogi	Starfs áætlun og skóla námskrá	Skólaráð, foreldrafélag	Inntak og árangur	Lýðræðisleg vinnubrögð	Nám við hæfi allra nemenda	Kerfisbundið og samofið daglegu skólastarfi	Opinbert
Stjórnun stofnunar	Skóladagur nemenda	Þáttt. for. í skólast. og upplýsingamiðlun	Skipulag náms og námsumhverfi	Ábyrgð og þátttaka	Stuðningur við nám	Markmiðsbundið	Umbótamiðað
Faglegt samstarf	Verklags reglur og áætlanir		Kennsluhættir og gæði kennslu			Byggir á traustum og fjölbreyttum upplýsingum	
Skólaþróun			Námshættir og námsvitund			Samstarfsm. og byggir á lýðræðisl. vinnubr.	

Tafla 1. Styrkleikar og veikleikar matsþátta

Mat á gæðum kennslustunda

Mynd 1 sýnir yfirlit yfir mat á gæðum kennslustunda³ sem metnar voru.



Kennsluhættir


Notkun upplýsingatækni

Nemendur eða hluti nemenda nota upplýsingatækni í sex kennslustundum af 21.

Kennarar nýttu upplýsingatækni til kennslu í þremur af þessum stundum.

Kennsluathafnir⁴

Mynd 2 sýnir yfirlit yfir kennsluathafnir í metnum kennslustundum.




³ Sjá: Viðmið um gæði kennslustunda

⁴ Sjá :Kennsluhættir – leiðsögn við ytra mat á grunnskólum


Samvinna og einstaklingsvinna

Mynd 3 sýnir yfirlit yfir samvinnu og einstaklingsvinnu nemenda í metnum kennslustundum.



Hópastærð, nemendur á kennara

Mynd 4 sýnir fjölda nemenda í metnum kennslustundum á hvern kennara í almennri kennslu.



Matsblað kennslustundar**Vettvangsathugun í kennslustund**

Bekkur:	Dags./vikud.:	Kl.(upphaf og lok):
Námsgrein:	Fjöldi nemenda í stundinni:	Nám byggir á: Samvinnu nemenda / Einstaklingsvinnu/Blanda
Kennari/ar:	Fjöldi nemenda í sérúrræði utan stofu:	Nota nemendur UT við nám: J/N
Aðrir fullorðnir, fjöldi:	Kennsluáherslur: Fræðandi/Leiðbeinandi/Blanda	Nota kennarar UT við kennslu: J/N
Matsþáttur:	Vísbendingar:	
Skipulag í skólastofunni/kennsluaðstæður:	Námsgögn og umhverfi styðja við nám og kennslu allra nemenda.	
Framvinda kennslustundarinnar:	Kennslustundin er vel skipulögð, vel uppbyggð og tíminn vel nýttur.	
Markmið, mat og endurgjöf:	Kennslan byggir á faglegri þekkingu kennara. Markmið stundarinnar eru skýrt sett fram og kynnt nemendum. Viðmið um árangur eru sýnileg. Endurgjöf er leiðbeinandi, regluleg, markviss og leiðir til framfara. Námsmat er fjölbreytt. Nemendur þjálfast í sjálfsmati og taka þátt í að meta eigin árangur.	
Samskipti og samstarf:	Borin er virðing fyrir fjölbreytileika og mismunandi þörfum, hæfileikum og einkennum nemenda. Samskipti eru jákvæð og einkennast af virðingu. Nemendur koma vel fram og taka tillit til annarra. Samvinna og samstarf er markvisst þjálfað og notað.	
Kennsluaðferðir og vinnutilhögun:	Kennsla er skipulögð þannig að hún hæfi öllum nemendum. Nemendur hafa val um verkefni og verkefni eru krefjandi. Verkefni eru heildstæð og samþætt. Allir nemendur taka virkan þátt. Kennsluhættir og vinnubrögð eru fjölbreytt og hæfa verkefnum. Nemendur þjálfast í að vinna sjálfstætt, í samvinnu og að beita fjölbreyttum námsaðferðum. Nemendum er kennt að setja sér eigin markmið í námi. Nemendur nýta mismunandi leiðir til að afla sér þekkingar og leikni, m.a. upplýsinga- og samskiptatækni. Nemendur fá þjálfun í að koma sjónarmiðum sínum á framfæri.	
Námsaðlögun:	Kennsla er löguð að mati á stöðu nemenda. Verkefni eru krefjandi og í samræmi við námsmarkmið hvers og eins. Nám nemenda tekur mð af áhuga þeirra og hæfileikum. Nemendahópar vinna að mismunandi verkefnum með fjölbreyttum aðferðum. Nemendur geta valið sér námsaðferðir eftir viðfangsefni eða eigin námsstíl.	
Grunnþættir menntunar:	Læsi, sjálfbærni, heilbrigði og velferð, lýðræði og mannréttindi, jafnrétti, sköpun; eru þessir þættir sýnilegir í stundinni?	
Tvö atriði sem tókust vel eða voru vel gerð í stundinni og eitt sem má bæta.		
Mat á stundinni: Frábær – Góð – Má bæta - Óviðunandi		

Viðmið um gæði kennslustunda.

Við mat á gæðum kennslustunda eru eftirfarandi viðmið frá Skóla- og frístundasviði Reykjavíkurborgar notuð (heimild: Birna Sigurjónsdóttir):

Frábær / mjög góð

- Kennslustundin telst a.m.k. góð í öllum meginatriðum og til fyrirmyndar í ákveðnum þáttum sem sést á því að allir nemendur taka greinilegum framförum.

Góð

- Flestir nemendur taka góðum framförum vegna góðrar kennslu.
- Hegðun er almennt góð og nemendur áhugasamir. Þeir vinna í öruggu og vinsamlegu umhverfi.
- Kennslan byggir á öruggri þekkingu á námsgreininni ásamt vel skipulögðum verkefnum sem nemendur fást við.
- Verkefnin mæta vel ólíkum þörfum nemenda svo flestir fá verkefni við hæfi.
- Kennsluaðferðir eru í samræmi við markmið kennslustundarinnar og þarfir nemenda.
- Stuðningsfulltrúar og aðrar bjargar eru vel nýttar og tími vel nýttur.
- Mat á verkum nemenda er stöðugt, samræmt og styður við framfarir.

Viðunandi

- Kennslustundin telst ekki óviðunandi í neinum meginþáttum og kann að vera góð í sumum þáttum sem kemur fram í því að nemendur njóta stundarinnar og ná fullnægjandi árangri.

Má bæta

Kennslustund getur ekki talist viðunandi ef:

- Flestir nemendur eða ákveðinn hluti nemendahópsins taka ekki nægum framförum.
- Almenn hegðun nemenda eða viðhorf eru óviðunandi, andlegur, siðferðilegur, félagslegur og menningarlegur þroski er vanræktur og persónulegur þroski nemenda er slakur.
- Heilsa eða öryggi nemenda er ekki tryggt.
- Kennslan er óviðunandi. Óviðunandi kennsla einkennist að öllum líkindum af einu eða fleiri eftirfarandi:
 - Lítil þekking á námskrá sem leiðir af sér ónákvæmni í kennslu og litlar kröfur til nemenda.
 - Verkefni ríma ekki við fyrri þekkingu nemenda.
 - Bekkjarstjórnun er ábótavant.
 - Aðferðir henta ekki námsmarkmiðum eða ná ekki að vekja áhuga nemenda.
 - Óviðunandi nýting bjarga, þ.m.t. aðstoðarmanna og tímans sem til ráðstöfunar er.

Kennsluhættir – leiðsögn við ytra mat á grunnskólum

Gæði kennslu skipta sköpum fyrir nám nemenda. Fræðimenn eru sammála um að ekki sé til ein ákveðin besta leið við kennslu. Áhrif kennsluaðferða ræðst m.a. af námssviðum, námsmarkmiðum hverju sinni og menningarlegum aðstæðum.

Nám á sér stað þegar nemandi tekur virkan þátt með því að fylgjast með, ræða, skrifa, hlusta, hugsa og gera. Það eflir nám að sjá tilgang og möguleika á nýtingu. Nám byggir á fyrri skilningi. Markmið kennslu er nám nemenda. Árangursrík kennsla felur því í sér að skapa námsaðstæður þar sem nemendur eru virkir, tengja við fyrri þekkingu og sjá tilgang með verkefnum.

Við ytra mat á námi og kennslu þarf að skoða og greina kennsluaðferðir og vinnubrögð sem notuð eru í þeim kennslustundum sem metnar eru. Til hvers konar námsathafna leiðir kennsluskipulag?

Til hjálpar er hægt að nota eftirfarandi flokkun þar sem kennsluhættir eru flokkaðir í þrjá flokka eftir athöfnum kennara og nemenda. Þvert á þessa flokka er hægt að líta á hvort nemendur vinna sjálfstætt við námið eða eru í gagnvirku námi.

Dæmi um kennsluaðferðir eða tilhögun eru innan hvers flokks, alls ekki tæmandi listi. Flokkar og aðferðir geta einnig skarast innbyrðis. Þessi flokkun getur verið stuðningur þegar metið er hvort fjölbreyttir kennsluhættir séu í skólanum. Það er t.d. ekki fjölbreytni ef kennsluathafnir eru að mestu í einum flokki og námsathafnir nemenda þar með einhæfar.

Flokkun kennsluathafna

Fræðari

Kennarinn er fyrst og fremst í að miðla efni, staðreyndum og hugtökum. Kennsluathafnir eru að útskýra, sýna og spyrja. Ef spurt þá eru það spurningar sem kalla oftast á eitt rétt svar. Vinna við verkefni og vinnubækur mótast af því að taka á móti staðreyndum og setja þær fram á ákveðinn hátt, ein þekkt lausn. Námsfernið er í forgrunni.

- Fyrirlestrar/útskýringar kennara
- Fara yfir og leiðrétta heimaverkefni, próf, könnun skv. forskrift kennara
- Bein kennsla - samræður við nemendur
- Vinnubækur og verkefnabækur/hefti
- Skrifleg verkefni úr ýmsum áttum
- Námsferni lesið saman og rætt við nemendur
- Sýnikennsla, útskýringar
- Verkefni sem nemendur hafa ekki áhrif á, hvort heldur er bókleg eða verkleg
- Horft á kvikmyndir og myndbönd
- Þjálfun og æfingar

Leiðbeinandi

Kennarinn stýrir framvindu kennslustunda en leggur áherslu á krefjandi spurningar og lausnaleit sem reynir á rökhugsun nemenda (lýsa, leggja mat á, bera saman, draga ályktanir og/eða setja fram tilgátur) eða opin/skapandi viðfangsefni þar sem hægt er að velja úr nokkrum þekktum lausnum. Eða leggur áherslu á frumkvæði og ábyrgð nemenda með skipulagi á námsathöfnum þar sem engin lausn er fyrirfram þekkt. Áhersla er á námsferlið sem leið (og leiðir) til náms frekar en námsfernið einvörðungu.

Nemandinn er í forgrunni og hann er virkur í að athuga, rannsaka og draga ályktanir. Áhugi nemenda og forvitni er driffjöður námsathafna. Kennarinn skapar námsaðstæður og tækifæri nemenda til þátttöku, hann sér um að bjargir séu til staðar og veitir endurgjöf meðan á námi stendur.

- Tilraunir og verklegar æfingar
- Lausnaleit
- Námsferni lesið saman og rætt með nemendum
- Verkefni í list- og verkgreinum þar sem nemendur hafa áhrif á útfærslu og verkefnaval eða þegar nemendur hanna og skapa frá grunni
- Útikennsla og vettvangsferðir þar sem nemendur bera ábyrgð og nýta umhverfi til náms
- Rannsóknir
- Leikræn tjáning / hlutverkaleikur

Þvert á flokkana að framan koma svo þessir þræðir

Sjálfstætt nám - einstaklingsvinna


Kennarinn skipuleggur námsathafnir sem ætlað er að efla frumkvæði, sjálfstraust og sjálfsmat nemandans. Námið er skipulagt annað hvort af kennara eða nemanda en er undir umsjón og leiðsögn kennara. Vinna nemanda sem einkennist dæmigerðri vinnubókavinnu er einnig flokkuð sem einstaklingsvinna.

- Sjálfstæð heimilda- eða ritgerðarvinna
- Einstaklingsverkefni sem tengjast áhugasviði
- Ígrunda og meta eigi nám (sjálfsmat)
- Vinna í vinnubók eða sambærileg verkefni

Gagnvirkt nám/samvinna – hópvinna

Kennarinn skapar námsumhverfi sem byggir á samræðum og hlutdeild nemenda. Þarvinna, hópvinna eða annars konar samvinna í kennslustundum. Áhersla á samskipti, samvinnu og félagslega færni. Nemendur vinna í margskonar hópum. Kennarinn hefur mikilvægt hlutverk við hópamyndun og skipulag námsathafna nemenda í hópum.

- Sjálfstæð heimilda- eða ritgerðarvinna, hópverkefni
- Þemaverkefni, unnin í hópum
- Umræður hópa og kynning niðurstaðna
- Námsleikir og spil
- Leikræn tjáning, söngur eða hreyfing
- Samvinnunám



Heimildir

Aðalnámskrá grunnskóla: almennur hluti. (2011). Reykjavík: Mennta- og menningarmálaráðuneytið.

Aðalnámskrá grunnskóla: greinasvið. (2013). Reykjavík: Mennta- og menningarmálaráðuneytið.

Almar M. Halldórsson, Ragnar F. Ólafsson, Óskar H. Níelsson og Júlíus Björnsson (2010). Íslenskir nemendur við lok grunnskólans. Helstu niðurstöður PISA 2009 rannsóknarinnar um lesskilning og læsi í stærðfræði og náttúrufræði. Reykjavík: Námsmatstofnun.

Björk Ólafsdóttir. (2011). *Innra mat grunnskóla: leiðbeiningar og viðmið fyrir mat sveitarfélags á innra mati grunnskóla.* Reykjavík: Samband íslenskra sveitarfélaga.

Hrönn Pétursdóttir. (2007). *Sameiginleg framtíðarsýn fyrir grunnskólastarfið 2007-2020.* Reykjavík: Félag grunnskólakennara, Samband íslenskra sveitarfélaga og Skólastjórafélag Íslands.

Höfðaskóli. Heimasíða. Slóðin er: <http://www.hofdaskoli.skagastrond.is>

Lög um grunnskóla, nr. 91/2008.

Menntamálaráðuneytið. 1997. *Sjálfsmat skóla.* Slóðin er: http://brunnur.stjr.is/mrn/utgafuskra/utgafa.nsf/xsp/.ibmmodres/domino/OpenAttachment/mrn/utgafuskra/utgafa.nsf/8F7A17F4C22D2832002576F00058D40C/Attachment/sjalfsm_skola_97.pdf

Reglugerð nr. 584/2010 umsérfræðiþjónustusveitarfélagaviðleik-oggrunnskólaognemendaverndarráð í grunnskólum. Slóðin er: <http://www.reglugerd.is/interpro/dkm/WebGuard.nsf/key2/584-2010>

Reglugerð nr. 585/2010 um nemendur með sérþarfir í grunnskóla. Slóðin er: <http://www.menntamalaraduneyti.is/frettir/allar-rettarheimildir/nr/5540>

Reglugerð nr. 1040/2011 um ábyrgð og skyldur aðila skólasamfélagsins í grunnskólum. Slóðin er: <http://www.menntamalaraduneyti.is/frettir/Frettatilkynningar/nr/6347>

<http://www.skagastrond.is>

Gögn um samræmd próf unnin úr gagnagrunni Námsmatsstofnunar.

